

Þorvaldur S. Þorvaldsson

ÁRBÓK ÞINGEYINGA 1967

X. ÁRG.

RITNEFND

HELGI KRISTJÁNSSON
ÞÓRIR FRÍÐGEIRSSON
BJARTMAR GUÐMUNDSSON

RITSTJÓRI

BJARTMAR GUÐMUNDSSON

ÚTGEFENDUR

SUÐUR-ÞINGEYJARSÝSLA
NORÐUR-ÞINGEYJARSÝSLA
HÚSAVÍKURKAUPSTAÐUR

EFNISYFIRLIT

Bls.

Kápumynd: Frá Bakkahöfða á Tjörnesi, <i>eftir Sigurð Hallmarsson</i>	
Kári Sigurjónsson, Hallbjarnarstöðum, <i>eftir Karl Kristjánsson</i> ...	5
Jarðfræðingurinn á Hallbjarnarstöðum, <i>eftir Sigurð Þórarinsson</i> .	20
Bréf til Kára Sigurjónssonar, <i>eftir Hans Albrechtsen</i>	24
Nýr draumur í nýju rúmi, <i>eftir Kára Sigurjónsson</i>	25
Brot úr bréfum, <i>eftir Kára Sigurjónsson</i>	35
Aldarafmæli og hátíð að Grenjaðarstað, <i>eftir Sigurð Guðmundsson</i>	45
Ávarp, flutt á 100 ára ártíð sr. Helga Hjálmarssonar, Grenjaðarstað, <i>eftir Steingr. Baldvinsson</i>	49
Minning, flutt að Grenjaðarstað, <i>eftir Kristjönu Árnadóttur</i>	52
Prófdómarinn í kirkjunni, <i>eftir Bjartmar Guðmundsson</i>	58
Ljóð, <i>eftir Arnór Sigmundsson</i>	66
Á Birningsstöðum hjá Árna Magnússyni, <i>e. Þórgný Guðmundsson</i>	72
Jón Jóakimsson hreppstjóri á Þverá og dagbækur hans 1844—1892, <i>eftir Bjartmar Guðmundsson</i>	79
Um sýslumörk, <i>eftir Jóhann Skaptason</i>	129
Hvíldarþúfa, <i>eftir Stefán Kr. Vigfússon</i>	133
Ræða, flutt á bindindismóti, <i>eftir Jónas Jónsson</i>	136
Fjórir smápættir	142
Þarfasti þjónninn, <i>eftir Bjartmar Guðmundsson</i>	150
Í fáum orðum sagt	152
Fréttir úr héraði:	
1. Árferði 1967, <i>eftir Jón H. Þorbergsson</i>	157
2. Úr Suður-Þingeyjarsýslu	164
3. Úr Norður-Þingeyjarsýslu	206
4. Frá Húsavík	220
Frá stofnunum sýslunnar 1967, <i>eftir Jóhann Skaptason</i>	231
William F. Pálsson, <i>eftir Jóhann Skaptason</i>	240
Safnahús Suður-Þingeyinga, <i>eftir Jóhann Skaptason</i>	242

BJARTMAR GUÐMUNDSSON:

Jón Jóakimsson hreppstjóri á Þverá og dagbækur hans 1844–1892.

Árbókinni hefur borizt handrit, er Jakob Hálfðanarson gerði um Jón Jóakimsson á Þverá 1901, og annað til frá 1910. Eru þessi skrif stíluð til Páls Stefánssonar „frá Þverá“ og mun fyrir Páli hafa vakað að birta þau á prenti. En ekki hefur af því orðið, svo ég viti. Þá er og til handrit Jakobs, þar sem rakin er nokkuð ætt Jóns og er við það stuðst hér að því leyti sem hér verður gerð grein fyrir uppruna Jóns og ættmenna hans.

Jón bjó á Þverá í Laxárdal 1844–1893. Hann ritaði dagbók frá 1844 til 1892. Hún hefur varðveizt vel og hefur að geyma mikinn fróðleik um veðurfar og daglegt líf í Helgastaðahreppi og öðrum norðlenzkum byggðarlögum um 48 ára skeið. Hún er nú innbundin í 3 bindi og er um 1200 síður. Þættir þeir, er hér birtast, aðrir en greinar J. H., eru byggðir að mestu á dagbókinni.

Jón Jóakimsson, f. 26. jan. 1816, var yngstur barna Jóakims Ketilssonar á Mýlaugsstöðum, Tómassonar á Birningsstöðum í Ljósavatnsskarði. Móðir Jóns og kona Jóakims var Aðalbjörg Pálsdóttir frá Héðinshöfða, Halldórssonar bónda í Skógum í Reykjahverfi. En móðir Aðalbjargar var Guðrún Þorgrímsdóttir Marteinssonar frá Garði við Mývatn.

Systkyni Jóns Jóakimssonar voru:

1. Páll, bjó lengi á Hólum í Laxárdal. Sonur hans Sigur-

geir fluttist í Húnavatnssýslu og átti þar fjölda afkomenda, fluttist svo á gamals aldri til Ameríku, afkomendur hans þar tóku sér ættarnafnið Bardal.

2. Hálfðan, fyrst bóndi í Brenniási og síðar á Grímsstöðum. Hans sonur var m. a. Jakob, er þættina ritaði um föðurbróður sinn, og kallaður hefur verið „ármaður“ Kaupfélags Þingeyinga eða frumkvöðull mestur að stofnun þess, sem rétt mun vera. Sex munu þau hafa verið börn Hálfðanar og fleiri nafnkennd en Jakob.

3. Sigurður. Hann mun hafa ílenzt í Eyjafirði og bjó sonur hans Sigurgeir bæði á Möðruvöllum og Öngulsstöðum og loks átti hann heima á Akureyri.

4. Jóakim, lengi bóndi í Árbót í Aðaldal. Hans sonur var m. a. Páll búfræðingur frá Stend í Noregi, þekktur talsvert og einkennilegur í háttum. Einnig Jóakim Jóakimsson trésmiður á Ísafirði, ættfaðir athafnamanna þar vestra og Helga Jóakimsdóttir ættmóðir fjölda sægarpa í Hnífsdal.

5. María. Hún var kona Páls Tómassonar prests á Knappsstöðum í Fljótum.

6. Sigríður í Vindbelg, kona Jóns Pálssonar bónda þar. Þau barnlaus. (J. Hálfð.).

Jón var fæddur 26. jan. 1816. Hann missti föður sinn ungur, en móðir hans bjó áfram eftir það um áratugsskeið. En er hún hætti búskap fór drengurinn til séra Jóns Jónssonar á Grenjaðarstað, meðfram til lækninga við hörundskvillum. Líklegt er að Grenjaðarstaðardvölin hafi orðið honum nokkur skóli. Og er hann varð fulltíða réðist hann til smíðanáms suður í Reykjavík. Þaðan kom hann útlærður snikkari eftir 3 ára nám. Eftir það stundaði hann smíðar hér og þar í fáein ár einvörðungu, einkum baðstofubyggingar.

Vorið 1844 kvænist hann Herdísí Ásmundsdóttur frá Stóruvöllum og fór athöfn sú fram í Lundarbrekkukirkju 1. júní. Fimm dögum síðar fluttu þau að Þverá í Laxárdal og hófu þar búskap, sem var eignarjörð Herdísar að parti til.



Jón Jóakimsson.

„Einskært skynsemishjónaband af hans hálfu í upphafi og hver veit hvað lengi, en af hennar hálfu full og trygg ást, frábært fjör, glaðlyndi og þolinmæði ásamt flestu ef ekki öllu því sem eina eiginkonu getur prýtt.“

Þannig farast Jakobi Hálfðanarsyni frænda hans orð. Og þó er öllu heldur á honum að skilja, að aðrir en Jón hafi meiru ráðið um þann skynsemisráðahag.

Í dagbók sinni minnst Jón oft á Herdís sína og ætíð vel, án allrar mæðar þó. Auðséð er að hann hefur metið hana að verðleikum. Og er hann missir hana eftir 16 ára sambúð farast honum orð á þessa leið:

„*September 1860. 7.* Um kvöldið sálaðist Herdís mín kl. 11 — elskuleg kona eftir langan og strangan krossburð, hvað stór og sár missir mér og mínum er. Það geta þeir bezt borið, er þekktu hana vel.“

Áður hefur hann oft minnst á veikindi hennar og tilraunir séra Magnúsar á Grenjaðarstað að fá henni meðul, en ekkert stoðaði. Á þeim árum var ekki í mörg hús að venda í læknisleitinni og varla önnur en til þeirra feðga, Jóns og Magnúsar. Fjórum dögum síðar skrifar Jón aftur: „Jón Páls-son hér að hjálpa mér við kistuna.“ Og 12. s. m.: „Fór Jón, gaf honum 2 rd. og sauðarklipping. Fór ofan að rétt (Hraunsrétt) um miðjan dag og var þar nóg fyllirí og óregla.“ Ekki svo sem hreppstjórinn mætti láta réttarförina undir höfuð leggjast þó svona stæði á. Og enn segir hann 17. sept.: „Jörðuð Herdís mín, hélt séra Benedikt í Múla snotra húskveðju og séra Magnús talaði í kirkjunni, voru við-staddir um 50 manns.“

Svo liðu fimm ár „milli kvenna“. Jón bjó áfram með sömu rausn og áður og stóð í stappi sem fyrr og síðar við umfangsmikið hreppsmálavafstur. Hann bjó með ráðskonu Sigríði Árnadóttur, sem var ekkja Skarða-Gísla, seinni kona hans. Með henni eignaðist hann son, er Skafti var nefndur og var lengst af í Garði í Aðaldal eftir að faðir hans andaðist 1893.



Berglót Guttormsdóttir.

Sagan segir að einhvern tíma hafi vinur hans spurt: „Hvers vegna léztu drenginn heita Skafta? Hvergi er það nafn að finna í þinni ætt né móðurinnar.“ Þá á Jón að hafa sagt: „Af því að aldrei hef ég gert annað eins axarskaft á æfi minni og það að fara að smíða barn utan hjónabands.“

Vel má vera að þetta sé rétt hermt og líklegra þó að sagan sé tilbúningur. En svarið á þá samt að geta lýst manninum á sinn hátt. Enda hefði það annars varla lifað fram á þennan dag.

En hvað um það. Jón kvæntist ekki Sigríði, þó hann annars væri ekki með öllu fráhverfur nýjum ráðahag.

Í júní 1866 fluttist Sigríður ráðskona frá Þverá. 3. maí næst á undan ritar Jón í dagbók sína: „Fór eg út á Húsavík Var hjá Schou (kaupmanni). 4. Var eg um kyrrt þar ytra Afgjörði eg erindi mín við sýslumann og þar í húsinu, gekk greiðlega og afgjörðist að Bergljót færi til mín í vor til fulls og alls, og giftumst áður hún færi að utan.“ Og síðan 7. júlí: „Bezta veður og sunnan vindur. Fór eg og börn mín 5 út í Húsavík. Fór sr. Magnús á Grenjaðarstað með okkur, komum kl. 10—11 um kvöldið. Settumst að hjá sýslumanni. 8. . . . Giftist eg um kvöldið kl. 5—6 Bergljótu minni elskul. Vorum gefin saman af séra Magnúsi í kirkju eftir leyfisbréfi, er eg vegna kringumstæðanna varð að kaupa. Var veizla um kvöldið í sýslumannshúsinu, vín og brauð, kaffi og súkkulaði, fór allt vel og friðsamlega fram. Var ekki fólk hér að framan, nema það sem með mér fór. En úr flestum húsum þar ytra og Johnsen gamli (kaupmaður), Brand, Preðbjörn og kapt. Hemert af skipunum. Stóð dans og gleði þar til kl. 2—3 um nóttina. 9. Gott veður. Fór um við heim um kvöldið og nóttina og Bergljót mín með okkur, komum kl. að ganga 4 heim.“

Bergljót var talin vel mennt til anda og handa og hafði dvalizt hjá Þorsteini Jónssyni sýslumanni og konu hans Ingibjörgu Gunnlaugsdóttur eitthvað meðan þau voru í Múla-sýslu og síðan um tíma á Húsavík.



Benedikt Jónsson, Snorri Jónsson og Jón Jónsson.

Það er léttara yfir þessari frásögn um vígsluna og veizluna í Húsavík en frásögn og hjónavígslu í Lundarbrekku-kirkju 22 árum áður. Máske er það af því að nú er dagbók-arhöfundur orðinn æfður skrifari.

En sleppum öllum samanburði á fornum og nýjum ævin-týrum. Enginn veit heldur nú hvort hér var um annað skyn-semishjónaband að ræða eða að Jón hafi heillað Bergljótu suður í dal einhvern tíma í Húsavíkurfærð í embættiserind-um þangað, til dæmis inni hjá sýslumanni eða „Johnsen gamla“ kaupmanni, sem þjóðsögur seinna kölluðu Húsavík-ur-Jón. En dálítill fyrirmannabragur virðist vera á þessu brúðkaupi. Og nú hafa heldur ekki verið á ferð neinar 7 ára vangaveltur eins og forðum, þegar hann lét Sigríði á Helgastöðum bíða sjö ára tímenn í festum og tapaði henni síðan. Nú, hundrað tuttugu og fimm árum seinna, myndi einhverri, ég held öllum, finnst 7 ára trúlofunartími nokk-uð langur. — Sjá J. H. hér á eftir.

En hvað sem þessu liður er hitt víst að Bergljót reyndist frábærlega sem húsmóðir í Laxárdalnum og stjúp-móðir barna bónda síns. Og mér er í barnsminni hversu vel og virðulega var um hana talað, er ég heyrði á hana minnzt í Garði í Aðaldal á heimili Guðnýjar stjúp-dóttur hennar. Börn áttu þau engin saman Bergljót og Jón.

Bergljót var dóttir Guttorms stúdents og alþingismanns Vigfússonar á Arnheiðarstöðum í Fljótsdal austur og mun hafa verið liðlega þrítug er hún fluttist í Laxárdalinn.

Börn Jóns og Herdísar, er til aldurs komust:

Benedikt, bókavörður.

Guðný í Garði, kona Baldvins Sigurðssonar.

Aðalbjörg í Vallakoti, kona Hólmgeirs Þorsteinssonar.

María, seinni kona Sigurgeirs Péturssonar frá Reykjahlíð.

Jón, verzlunarmaður í Reykjavík.

Snorri, hreppstjóri á Þverá.

Sjöunda barn Jóns var svo Skafti, sem fyrr er nefndur.



Aðalbjörg Jónsdóttir, Vallakoti.



Guðný Jónsdóttir, Garði, Aðaldal.

Afkomendur Jóns og Herdísar eru margir og margt af því nafnkennt fólk.

Á Þverá ólst og upp hjá þeim Bergljótu og Jóni Páll Stefánsson, sem kenndi sig við Þverá æ síðan og bar ætíð mikinn ræktarhug til staðarins og heimamanna þar.

BRÉF JAKOBS HIÐ FYRRA.

Húsavík, 20. júní 1901

Heiðraði málvin Páll Stefánsson!

Mjer er það mikið leiðinlegt hve ómannlega mjer hefur farist það, sem þú segist hafa beðið mig um í vetur, og sem jeg rengi ekki að hafi verið, en hefi þá steingleymt, einkum

þeim pósti, að gefa þjer upplýsingar um æfiatriði Jóns sál. fóstura þíns framan af dögum hans. — Það hafði jeg ekki reynt að leiða huga um fyrri en jeg fjekk brjefið frá þjer um daginn, og þessi er sá tími ársins sem jeg hefi einatt verið í fullu bindindi frá því að grúska nokkuð í gamlar skræður eða hugsa um ættir, því það er rækalli óskylt mínu aðalstarfi. Samt sem áður hefi jeg rispað upp, síðan við fundumst, þetta ættartöluuppkast, sem jeg legg með. En það er aðeins uppkast, enginn tími til að hreinskrifa það og enginn tími til að draga út úr því þá punkta, sem best þætti hlýða að sæust í æfiminningu. — Að skrifa það upp í því formi, treysti jeg mjer ekki til. —

Þessi ættartala er í öðru formi en jeg hef áður brúkað, og af því jeg hefi ekki tíma og hefi á hina síðuna mikið grúskað út í form á ættartölum, langar mig til að fá þetta uppkast aftur, svo sem einhvern tíma að vetri til ef jeg tóri. — Jeg vona að þú getir þá verið búinn að hafa upp úr því það sem þú kærir þig um, og sýna það þeim sem þú vildir.

Mjer liggur við að stinga upp á því við þig að þú ljetir Valdimar Ásmundsson vera í verki með þjer að taka upp það sem út skyldi koma. —

Að minnast æfiatriða Jóns er enn meiri vandi, því jeg var ungur þegar hann byrjaði búskap á Þverá, líklega 10 eða 11 ára. Eins og vita má hafa ekki móðir hans eða bróðir (þ. e. amma mín eða faðir) haft hátt um þessháttar í mín eyru. — Ef jeg skyldi þá segja nokkuð, er það eftir móður minni og móðursystur og svo öðrum útifrá. —

Jón Jóakimsson var yngstur barna þeirra Jóakims og Aðalbjargar, og líklega (á) 3. til 5. ári þegar faðir hans dó. — Þetta hefi eg ekki tíma til að grafa upp, þó jeg kynni að geta. — En á 17. ári minnir mig hann væri þegar móðir hans hætti búskap. Þá fór hann í Grenjaðarstað til sr. Jóns R af dbr., og var mjer sagt, að það hafi einkum verið af þeirri ástæðu, að Jón hafði haft ískyggilega útbrotaveiki eða hörundskvilla, sem sr. Jón, sem fekkst við lækningar, átti að

*Skapti Jónsson, Garði, Aðaldal.**María Jónsdóttir.*

gjöra gott, og hefur líklega tekist það. Áður en hann fór þangað hefur víst verið komin í ljós hjá honum mikil tilhneiging til smíða, því jeg man eftir, í fórum ömmu minnar, ofurlitlu timburhúsi, sem hann hafði smíðað. Það var svo sem $\frac{3}{4}$ al. á lengd og hæð breidd og ris eftir því. Hún hafði það fyrir hirslu bæði á lofti og undir lofti, og gott ef ekki skift í stofur.

Um tvítugt mun hann hafa farið suður í Reykjavík til E. Helgasen, var hjá honum 3 ár, eins og lög gera ráð fyrir, og kom síðan norður aftur með sveinsbrjef, sem snikkari. — Þá mun hann hafa tekið sjer heimili og mest dvalið á Hólum í Laxárdal, hjá Páli bróður sínum og unnið að byggingu bæjarhúsa fyrir hann. — Svo var hann hingað og þangað að stunda smíðar. — Jeg man eftir honum í Brenniási að þilja stofu o. fl. Hann hafði, þau missiri er á þessu stóð, einn pilt í læri, er Jón hjet Jónsson faktors Þjeturssonar fyrrum á Húsavík. — Jón þessi var þegar nefndur litli snikkari, en

var þó stór maður, en hann eins smár eins og þú veitst. — Jeg heyrði Jóns þessa lengi getið sem bónda á Litla-Steinsvaði í Múlasýslu, hann var eða er dóttursonur sr. Helga Benediktssonar, sem var í Húsavík. — Það er ekki ólíklegt, ef hann lifir enn, að hann gæti sagt eitthvað af fyrri árum Jóns föstra þíns. Jón fór frá Hólum eitt ár austur að Hólmu, til sr. Hallgríms og Krístrúnar. — Litlu eftir það giftist hann Herdísi Ásmundsdóttur frá Stóruvöllum, sem átti part í jörðinni Þverá, sem þá var laus undan ábúð Eyjólfss Sæmundssonar, sem þar hafði lengi búið, — og var jörð þessi ofur niðurnídd. —

Það er varla hægt að minnast svo á þetta æfiskeið Jóns, að maður sleppi því atriði, sem gjörir máske mest til að móta manninn í lundarfari og framkomu. — Það er opinber leyndardómur, að ástamál gjöra ekki smávegis verkanir í því — og kom það eflaust í fullum mæli fram í Jóni.

Jón var á námsárunum og eftir að hann kom að sunnan, hinn mesti gleðimaður, skrafhreifinn og sem menn segja töluvert mikið á lofti, já, eftir því sem jeg man fyrst eftir honum, svo gagnólíkur því, sem seinna varð. — En til þess bar það, að þegar hann var á Grenjaðarstað trúlofaðist hann stúlku, Sigríði að nafni, dóttur Guðmundar prests á Helgastöðum, og voru þau búin að vera opinberlega trúlofuð 5—7 ár, þegar Þorlákur prestur Jónsson frá Reykjahlíð nær stúlkunni og giftist henni. Hvort lengri eða skemmri tíma stóð á þessum veðra-brigðum hennar, þá fór hún svo með það, að hún þrætti fyrir við Jón, og hann bar þar að lútandi frjettaburð ofan í hvern, sem flutti honum, þangaðtil hann heyrði og vissi að lýst var til hjónabands með klerki og Sigríði. — Það var því ekki furða þótt Jóni brygði, enda kvað í mesta lagi að því. — Út úr því rjeðist, að hann færi austur í Hólma. — Því honum var vel til húsmóðurinnar þar, Krístrúnar frá Grenjaðarstað. — Það ætla jeg bræður hans hafi þá mestu ráðið fyrir honum, því sjálfur mun hann hafa orðið úrræðalítill og mjög hjá sér. — Mjer



Frá vinstri: Páll, Jón, Áskell og Jónas Snorrasonir frá Þverá í Laxárdal.

hefur skilist, að svo hafi verið álitð, að Krístrún frú á Hólmu mundi fremur nokkrum öðrum sýna honum hluttekningarsemi, sem nákunnug honum og svo sömu kringumstæðum frá því er Baldvin Einarsson brá tryggð við hana.

En ekki gat Jón fest yndi eystra, og er hann kom aftur að austan, ætla jeg að bræður hans, eða einkum Páll og svo Stóruvallafólk, Benedikt og stjúpdætur hans, drifu hann í hjónabandið með Herdísi og á bújörðina. — Einskært skynsemishjónaband frá hans hálfu í upphafi, og hver veit hvað lengi. — En frá hinni hálfu full og trygg ást, frábært fjör, glaðlyndi og þolinmæði, ásamt flestu, ef ekki öllu því, sem eina eiginkonu, sem annars er lítið menntuð, getur prýtt. —

Þá eru nú komin þau atriði, sem jeg hefi að segja. Jeg þykist viss um, að þau sjeu rjett, því eftir móður minni og Herdísi hef jeg „rómaninn“ en í þeirra munni ætla jeg ekki missagnir fyndust. Þær sögðust engan mann hafa sjeð breyt-

ast eins og Jón, — til þess að verða svona óaflátanlega óþekki-
legur maður við það, sem hann var áður.

Það var hvortveggja, að þetta var í allra augum illa stofn-
að af sr. Þoláki, enda naut hann ekki fengsins lengi. Mig
minnir ekki liði nema 1½ ár, sem þau Sigríður lifðu sam-
an. Þegar hún var dáin, er mjer sagt að Páll í Hólum hitti
Jón bróður sinn á ferð og færði honum frjettina þannig:
„Nú máttu vera glaður! Nú er Sigga dauð!“ „Heldurðu
þetta gleðji mig?“ sagði Jón, og brast þegar í svo mikinn
grát, að Páli gekk seint að bæta yfir geip sitt, og kvað sig
hafa í meira lagi yðrast. — Lengi mun Jóni hafa verið þungt
í skapi til sr. Þorláks. Það skildi jeg löngu seinna á föður
mínum.

Við unglingar höfðum gaman einu sinni að orði Jóns,
sem benti til þessara atburða. Það var í rökkri, að við pilt-
ar vorum að tala um ástamál, og nokkuð ljettúðugt. —
Undruðum okkur mest á því, að maður skyldi ekki láta sig
litlu skifta þó stúlka brygðist manni. — Skvöldruðum við
frítt um þetta, í því trausti að Jón, sem var í sama húsi,
svæfi, en vissum ekki fyrri til en hann sker uppúr og segir:
„Og það trúi jeg, að mörgum hafi nú orðið bumbult af því.“

Þetta er nú orðið töluvert lengra mál, en jeg í upphafi
ætlaði, og mun þjer þó þykja lítið með að gjöra, en taktu
viljann fyrir verkið og lofaðu mjer, ef þú getur, að vita,
hvort þjer er það til nokkurs fróðleiks eða gamans. —

Með kærri kveðju og bestu óskum.

J. Hálfðanarson.

SÍÐARA BRÉF JAKOBS.

(1910)

Í huga hefi jeg nú að taka þar til máls, er jeg hef fyrir 10
árum horfið frá, að minnast æfiatriða dbrm. Jóns Jóakims-
sonar á Þverá í Laxárdal. —


Jónas Snorrason , Þverá.

Halla Jónsdóttir.

Hann byrjaði búskap á Þverá 1844. Sjálfur var hann fátækur en með konunni fjekk hann nokkur efni til þess að bú þeirra varð þegar í upphafi nálægt hæfi jarðarinnar, enda var jörðin þá ekki álitin kostajörð, heldur erfið, afnotarýr og án allrar gagnsemi. Minnir mig líka að jeg heyrði á ótrú ýmsra um blómlega afkomu Jóns þarna, með því orð fór af, að hann væri lítill afkastamaður, seinn að öllu og gagnsýrður af Reykjavíkurlofti. —

Það sá brátt á, að búskapur á Þverá fór vel fram. Reglusemi Jóns, hirðusemi og athugun á hverju einu, stóru og smáu, sem heimilið snerti, svo og yfirburðir húsmóðurinnar í dugnaði, ástundun glaðlyndi og elskusemi, sýndi ungum og gömlum, sem þangað rjeðust, þá fyrirmynd, sem jeg hef fyrir satt að þrýst hafi sjer inn hjá allmörgum, er þar dvöldu, þeim sjálfum til þrifa í framtíðinni. — Á þessum afburða einkennum Jóns, sem nú voru talin, sást aldrei hin minnsta tilslökun, um þau 49 ár, sem hann bjó á Þverá. Því

þó að staða hans útheimti að hann væri löngum fjarverandi, þá hafði honum von bráðar heppnast að koma þeim anda í heimilislífið, að trauðt var út af því brugðið í þrifnaði og reglusemi, er hann hafði sýnt og sett fyrir. —

Þá er Jón hafði búið skamma stund (3—4 ár) var óumflýjanlegt að taka til húsbygginga. Mun þá hafa verið byrjað á baðstofunni 1849 og haldið hvert ár áfram, allt fram undir 1860. Þá var allur bærinn og flest úthýsi uppbyggt af nýju, nokkrar heyhlöður heima og enn beitarhús, fyrir 120 fjár, með hlöðu á svonefndum Mánahjalla, fram í dalnum, skammt norðan við Ljósstaði.

Þó þessar húsabyggingar væru stórfenglegar og með þeim mestu, sem framkvæmdar voru annars hjer í sveitum venju fremur á sömu árum, þá er þó annað í þessari starfsemi mikið meira vert og eftirtektarverðara, en það er vandvirknin í öllu þessu. Og það var einmitt hún, sem gjörði Jón og heimili hans, ásamt áðurtöldu, víðfrægt meðan hann lifði, og sem enn í dag eins og talar til hvers, sem með opin augu kemur um bjartan dag að Þverá og gætir að öllum þeim hús-um, sem þar standa óhöggðu frá fyrgreindu tímabili, svo sem baðstofunni, sem nú mun vera 62 ára, og enn svo nýleg og stæðileg sem sum ný hús, og fleiri hús þessu lík. Já þessi staðreynd um blessun vandvirkinnar í byggingarlistinni segi jeg tali til manns og minni á óteljandi þúsundir þeirra glötuðu fjármuna almennings, sem horfið hafa í óvönduðum húsabyggingum, eins og það minnir mig á viðkvæði móður Jóns, er jeg í æskunni fjekk oft að heyra: Það verður spurt að því hver hafi gjört þetta en ekki hve lengi hann hafi verið að því.

Hún mátti umtala, því á orði var, fjær og nær, afbrigðilegt handbragð hennar á hverju því, sem hún lagði hendur að. Það má líka vita, að Jóni syni hennar á Þverá hefur verið þetta innræti ættgengt, því skrínsmiði eitt var það, sem hann hafði lært. Eftirtekt ein og yfirvegun gjörði umsjón hans með öllu öðru svo affarasæla, sem raun varð á. Þetta

náði til hverrar framleiðslutegundar, sem heimilinu heyrði til í sambandi við hreinlætið, svo að á meðan þessa naut, þótti þeim, sem til þekktu, fjær og nær, hvergi jafngóð trygging fyrir góðri vöru eða munum sem frá Þverá.

Um nákvæmni Jóns hjer að lútandi í ótal athöfnum eru til margar smásagnir, er á sumra vörum kallast hótfindni, en sýna frumþráðinn í þeirri hugðnæmisblæju, sem lá yfir heimilinu að Þverá, úti og inni, og jafnvel hverju einu, stóru og smáu, sem þaðan var flutt. Þótt smäsögur þessar gætu gjarnan orðið að meiri notum en margt, sem nú er skrifað, þá þykja mér þær þó taka of mikið rúm, til þess að setja þær hjer. Þær sanna allar reglusemi, vandvirkni og hreinlæti, allt á hærri stigi heldur en mönnum kom sjálfum til hugar að þörf væri á eða nokkra þýðingu hefði. —

Meðferð Jóns á búpeningi hans var í fullu samræmi við hitt annað. — Kæmi maður í fjósið, voru þar hreinar og sígljáandi kýr, sem lögðu hið besta í búíð, og hann vissi vel hvað mikið það var af hverri einni. — Sæi maður hestana leidda í hlaðið, sáust þeir aldrei magrir. Þeir höfðu jafnan hver sitt eigið beisli, hver sitt óbreytt reiðver, og máttu vita, að þeir þurftu aldrei að fara hraðar nje bera þyngra en þeim var holt og þægilegt. — Í fjárhúsunum var að líta fríðar hjarðir, með smáhrokknar hreinar og lagðsíðar gærur, sem gáfu, meðal annars, af sjer hina orðlögðu Þverárull, sem hver kaupmaður, sem til þekkti, sóttist eftir, fremur nokkurri annari. — Í tilreiðslu fódursins, sumar og vetur, gjörði vöndunin að verkum fegurra og frjálslegra yfirbragð þessa búpenings en annars, og jafnan varð honum auðið farsællar afkomu, þó það kæmi einstökusinum fyrir, í aftaka harðindum, að við fódurskortu sýndist liggja. — Og enn var að líta allmikla hænsna-hjörð, sem ekki sást á þeim tímum annarsstaðar í sveitum. — Sjálfur sá hann um þessa hjörð, og sýndi hún þá nægjusemi og ró, sem gott fódur og hirðing munu verka. Þykist jeg hafa sönnunina fyrir því, ekki einungis af fögru útliti þeirra sjálfra, heldur og af því að sjá

hinn velræktaða maturtagarð þar við bæinn, svo að kalla hjá hænsnahúsinu, óáreittan af þeim.

Ekki er mjer kunnugt hvenær Jón varð hreppstjóri, en víst var það snemma á búskaparárunum, fyrri árin með dbrm. Jakobi Pjeturssyni á Breiðumýri og hin síðari ár með Þórarni Magnússyni á Halldórsstöðum. Þegar sýslunefndir voru uppteknar, var hann einn í því liði um fyrsta kjörtíma-bilið.

Óefað vann Jón sjer hylli og traust í þessum störfum, og það ætla jeg, að svo hafi virðing og tiltrú Helgastaðahrepps-búa til hans orðið af reynslunni rótgróin, að þeim hafi furðu litlu fundist skifta hve seint, þurt og ómjúkt hann tók oft á erindum þeirra, er leituðu til hans. — Þetta voru líka hans lundareinkenni, sem og að sama leyti festast meira hjá þeim er einatt hafa það markmið að leysa hvert eitt atvik, sem haft er með höndum, í þann og þann svipinn, svo rækilega af hendi, sem best má verða. — Það getur ekki auðveldlega samrýmst þessu að bregða jafnan við á sama augnabliki og einhver kallar, án þess að gefa sjer ráðrúm til að ganga með fullri athyggli frá því, sem fyrir hendi var.

Árið 1860 missti Jón konu sína Herðísi. Með henni hafði hann eignast 6 börn, sem enn voru sum í ómegð, og eru, það jeg veit, öll á lífi. — Þaðanaf bjó hann með ráðskonu í 5 ár. Eignaðist hann hið 7. barn með henni, sem hann einn-ig ól upp. Ár 1866 giftist Jón seinni konu sinni, Bergljótu Guttormsdóttur, frá Arnheiðarstöðum austur, alþingis-manns Vigfússonar. Þó kona þessi færði ekki auð í búíð og væri heilsutæp, ávann hún sjer hinn besta þokka, og það allra mest með móðurlegri framkomu við stjúpbörn sín. Þeim Jóni varð ekki barna auðið. —

16. apríl árið 1893 andaðist Jón, eftir langvinnar sjúkdómsþjáningar. Þá var hann 77 ára. Það voru ríkulegar menjar hamingjusamrar æfi, sem Jón ljét eftir sig. — Á Þverá alsnægta bú, innan húss og utan, hin trausta og mikla bygging, sem áður er minnst á. Og auk mjög vönduð stein-

kirkja, byggð árið 1878. Jörðina Þverá átti hann nú, bætta að túni og engjum, vel eftir því sem erfiðir staðhættir til þeirra hluta leyfa þar í sveit.

Ennfremur hafði hann keypt, á seinni hluta búskaparáranna, jörðina Garð í Aðaldal. Eitt af höfuðbólum sýslunnar til forna. —

Að lokum má geta þess, að á elliárum Jóns var hann sæmdur merki dannibrogsmanna, og frá iðnsýningunni í Reykjavík 1883 fékk hann heiðurspening fyrir ofna dúka.

J. Hálfðanarson.

BÓNDINN OG BÚSKAPURINN.

Jakob Hálfðanarson segir að Jón hafi látið eftir sig allsnægtabú, og að hann hafi bætt jörðina að túni, engjum og húsakosti.

Af dagbók hans er auðvelt að fylgjast með daglegum störfum frá degi til dags, ár frá ári. Hann rekur af nákvæmni hvernig heyskapurinn gangi, hvernig sprettan sé á þessum blettinum eða hinum, hvernig heyið verkist og hve margir baggar fáist á þessum staðnum og hinum og í heild eftir sumarið. Hann fylgist með þrifum hvernar kindar og afurðum. Hann talar við blöð sín um hvernig fjármanni takist í einu húsi eða öðru og ef eitthvað ætlar að fara aflaga ræðir hann um ráð til að bæta úr því.

Þau Þverárhjón hafa byrjað með talsverð efni og er nokkur hluti þeirra, ef til vill meirihluti, kominn frá Stóruvöllum. Konan átti hluta af Þverá og ræður það sýnilega úrslitum hvar þau setjast að. Hún átti líka part í Stóruvöllum, sem þau selja 10 árum síðar og kaupa fyrir andvirðið annan part úr Þverá.

Bústofn þeirra í byrjun, þ. e. haustið 1844 var: 2 kýr, 4 hross, 73 ær, 54 lömb og 2 kiðlingar.

Þau hafa 2 vinnumenn og $2\frac{1}{2}$ vinnukonu. Um sumarið heyjaði þetta fólk 205 hesta heys og var taða af því heymagni 55 hestar.

Lítum nú á ásetninginn þetta fyrsta haust búskaparáranna. Tvær kýr þurfa a. m. k. 60 h. eða 60 bagga hvor. Hestum getur varla hafa dugað minna en 5 baggar hverjum eða 10 h. alls = 20 b. Eru þetta þá 70 h. eða 140 b. alls handa gripum. Eru þá eftir handa kindum og kiðlingum 270 b., sem skiftast á milli $129 =$ liðlega 2 b. á kind, eða 1 heyhestur rúmlega. Gera má ráð fyrir að þarna hafi tæplega verið um vættarband að ræða, þ. e. 100 kg. hver hestur. En þó svo hafi verið, er furðulegt að svona lítið hey skyldi duga jafnvel í besta vetri. En af því sem síðar segir, er ljóst að sjaldan eða aldrei hefur Jón sett á af nýjum heyjum teljandi meira en einn hest. Til þess að afla þessara heyja sumarið 1844 hefur hann þurft 2 vinnumenn, 2 vinnukonur og sjálfan sig, eða 5 alls, og hefur þá hver heyskaparmaður heyjað 40 hesta til jafnaðar. Í desember 1856 hefur hann á fódrum: 4 kýr, 1 naut, 101 á, 62 sauði, 79 lömb, 5 hrúta og 6 hross. 1859 er fjártalan svo til hin sama. Þá heyjar hann með fólki sínu 385 hesta, þar af 87 taða. Ætla má að gripirnir hafi étið 135 h. eða 270 b. Er þá eftir handa kindunum 250 h. eða 500 baggar. Sauðféð er þessi ár um 270 alls og vantar því 20 hesta til að það sé 1 heyhestur á kind.

Á fódrum hefur Jón í des. 1890: 3 kýr, 6 hesta, 145 ær, 86 sauði, 84 lömb, alls 315 kindur og á þá sjálfur af þessum peningi 253 kindur. Hitt er eign barna og vinnufólks. Þá heyjast á Þverá handa þessu 388 h., þar af taða 110 h. Hefur þá töðufall af túninu nær tvöfaldast síðan 1844. En ekki batnar ásetningurinn, því 315 kindur verða að lifa vetrarlangt á 283 hestum af nýju heyi. Sjálfsagt hafa alltaf verið fyrningar einhverjar í betri vetrum, sem bjargað hafa þeg-ar ver blés.

Þetta eru raunsönn dæmi um ásetning og búskaparlag og hætti þrifnaðarbóndans á Þverá. Ekki svo að þessi dæmi séu einstök, heldur virðist ásetningur sem þessi hafi dugað honum um hálftrar aldar skeið og það svo vel að hann varð aldrei fyrir skakkaföllum af fódurskortu, þó stundum skylli hurð nærri hælum. Þvert á móti miðlaði hann oftast einhverju til þeirra er verst voru staddir. Hver mundi ásetningur hinna hafa verið, er voru hópum saman á nástrái á góu og einmánuði hvert sinn er vetur var verri en í meðallagi? Um það fáum við lítið að vita. Nú eyðum við þreföldu heyi á við þetta handa hverri sauðkind og öllu fódurmjölinu að auki, sem ég vil ekki tölum telja hversu gífurlega mikið er. Á dögum Jóns gerðist það aðeins í mestu neyð að gripið væri til korngjafar. Einu sinni getur dagbók-in þess þó að á vandræðafundi hreppstjóranna hafi verið ákveðið að hreppurinn keypti korn, 70 tunnur til að skipta milli þeirra, sem allra heyllausastir voru. Er það 1 tunna á bónda til jafnaðar í hreppnum.

Til þess að benda svolítið til átta á þeim dögum, sem hér um ræðir eða fyrir um það bil 100–120 árum, skulu nú tilfærðar fáeinar setningar úr dagbók Jóns og látnar tala sínu máli:

„30. marz 1846: Tók eg hest af Ara og aðra kúna af Páli bróður mínum, sem eru mikið tæpir með hey. Páll lét mig líka skjóta gamla Rauð sinn. Yfir það heila eru flestir orðn-ir fremur heyllitlir, en sumir komnir að nástráum. Um einmánaðarkomuna var Eiríkur herna heyllaus fyrir 6 kindur og hafa þær verið á fódrum hjá mér síðan. Líka tók eg fol-ann, á og sauð af Jóni hér sem hann átti í Kasthvammi, 2 gemlinga úr Geitafelli, 2 ær af Einari á Langavatni, 1 af Jóni á Langavatni og 4 gemlinga úr Parti. Þrjá poka af heyi hefi ég látið í Auðna. Því þar er orðið strálaust. Margir hafa drepit kýr og sumir kindur til muna. Hestur frá Strönd var hjá mér alla góuna.“

25. febrúar 1855: „Alstaðar jarðlaust en bezta færi, óskap-

legur jarmur af heyleysi og víða bjargarleysi.“ 28. febrúar: „Komin hláka eftir 18 vikna jarðleysi.“ 21. marz næst á eftir: „Eyjólfur á Birningsstöðum og Sigurður í Hólum komu að biðja um hey í poka — fékk ég hvorum hálfa vætt.“ 29. marz: „Komu ásetningsmenn og sögðu heyllítið á Ljótstöðum og Auðnum.“

19. marz 1859: „Alstaðar jarðlaust og almennur heyskortur og voðalegasta ástand alstaðar að fréttu vegna heyleysis. Tók eg frá Auðnum af Sigríði 4 ær og hrossið án þess eg gæti það, og er nú um það bil að verða strálaust þar og líklega hjá Gísla líka og ekkert fyrir búið nema dauðinn, því enginn getur hjálpað.“ 29. marz s. á.: „Léði Matta út í Skörð með kindur frá Gísla á Auðnum, sem þeir taka af honum til fóðurs. Alstaðar er að fréttu eynd og heyleysi; margir búnir að skera og allir kvelja féð í það ýtrasta.“ 2. apríl: „Var drepíð annað hross Sigríðar á Auðnum, sem nú er strálaus fyrir allar skepnur.“ 10. apríl: Kom Ari á Hámri ráðalaus af heyleysi eins og allir aðrir eru nú orðnir og vildi fá hjá mér loforð um hjálp um hey, en þess var engin von hjá mér.“ 17. apríl: „Pálmasunnudagur. Alstaðar er nú að heyra eynd og dauða, skorið bæði stórgripir og fé, sem sumir kvelja til dauða, og eru það þó verstu úrræðin.“ 23. apríl, laugardagur fyrir páska: „Hafa nú í dag margir skorið.“ 24. apríl: „Páskadagur. Gott veður, klökknaði dálítið. Kom fátt fólk til messu og prestur ekki fyrr en um kvöldið.“ 25. apríl, annar páskadagur: „Var messað, en fátt fólk.“ 26. til 30. apríl: „Bjartviðri þessa viku, sólbráð á daginn svo koma upp dálitlir hörgar. Víðast hvar er lítið um bjargræði, enda hafa sumir skorið sér til bjargræðis, að sagt er.“ 6. maí: „Komu til mín 2 ær frá Birningsstöðum, sem eg á að hjúkra, en þeim er varla lífvænt.“ 7. maí: „Nú má heita að komin sé nóg jörð.“ 22. til 24. maí: „Biðu eftir mér Jón í Yzta-hvammi og Sigurpáll að vandræðast um heyleysi.“ 29. maí: „Fór eg ofan að Einarstöðum að þrefa um hreppsvandræði, sem hér er nóg af og illt við að fást, svo almennur bjargar-

skortur er alstaðar og það svo frekur að slíkt hefur ekki í mínu minni verið eins. Hvergi fæst málsverður þó gull sé í boði.“

Þessar tilvitnanir eru teknar af handahófi, nema það sem snertir Skurðarvorið 1859. Upp á þeim frásögnum fletti eg sérstaklega. Þó Jón minnst aðallega á nágranna sína, Laxdæli, er ekki minnsta ástæða til að halda að ástandið hafi verið verra þar en í Reykjadal og Aðaldal t. d., eða annarstaðar um Þingeyjarþing. Máske þó eitthvað skárra í Mývatnssveit og Bárðardal.

Þetta vor, sem öll önnur harðindavor, stendur hann upp úr fjöldanum með pálma í höndum. Honum tekst því að standa vel að vígi sem bóndi, þrátt fyrir þann ásetning, sem áður getur. Eða er það fyrir það að 1 heyhestur á kind hafi verið betri ásetningur en í meðallagi, máske mikið betri? Eða er það lagni hans sem veldur? Ekki hafa beitarmögu-leikar á Þverá verið betri en á hinum bæjunum.

En þó hann komist þannig klakklaust út úr þessu vori og öðrum, má nærri geta hvernig var að vera hreppstjóri þetta vor, og standa fyrir málum sveitarfélagsins þegar kom fram á sumarið.

15. júní 1859: „Þingdagur. — Nóg jastur og jag, var eg enn þá neyddur til að vera hreppstjóri þetta árið.“ Þau urðu miklu fleiri hreppstjórnarárin. En að því verður komið nánar síðar.

Undir Þverárheimilið runnu margar stoðir til bjargræðis. Í fyrsta lagi gaf búið af sér mikið jafnan og á því urðu engin afföll vegna fódurskorts nokkurntíma, en vanhöld dálítill af pest eða bráðafári. Strax á fyrsta búskaparvetri sendi Jón vinnumann sinn austur á heiði til hreindýraveiða og 11. febr. kom hann heim með hreinkú unga og heldur feita. Og þrem dögum síðar kom hann aftur með tarf, „hreindýrs-hrotta“. Kýrin vóg, þ. e. a. s. kroppurinn 81½ fjórðung, um 40 kg og tarfurinn 11½. Svo ánægður var Jón við vinnumann sinn fyrir þetta búsilag, að hann gaf honum 2 dæli

fyrir. Síðari hluta sama vetrar fara Þverár-menn og draga fyrir í ánni og fá strax 9 silunga, svo næsta dag 12, þriðja daginn 4 og loks aðeins 1. Getið er um að tætt hafi verið garn í silunganet og þau riðuð. Veðiskapur er altaf töluverður í ánni á dráttum, sem nefndir eru með nöfnum og um 1880 er Snorri Jónsson farinn að veiða á stöng. 21. apríl 1880: „Veiddi Snorri á stöng 27 silunga og 15 í fyrradag.“

Síðasta vetrardag 1845 ganga stúlkur og vinnumaður til grasa. Og aftur og aftur er getið um grasaferðir. Á öðru búskaparári ríður húsfreyjan sjálf upp að Mývatni einn daginn að sækja silung og kemur með „70 frá Geirastöðum og 30 úr Belg“. Stundum er húsbóndinn að dorga uppi á Mývatni. Hann sendir vinnumenn út á Nes og Húsavík til sjóróðra. Og einu sinni kom einn þeirra með 500 fiska hlut. Í fjöldamörg ár hafði hann viðskifti við Pétur kaupmann Thorsteinsson á Bíldudal, sendi honum smjör og osta, en fékk í staðinn harðfisk og tros, saltaða lúðu í tunnum. — Gerður er kálgarður í varpanum og þar ræktaðar matjurtir og er sá garður enn við lýði eftir meira en heila öld. Þegar tóm verður til situr húsbóndinn í vefstólnum og vefur vaðmál og þráðardúka og þar á ofan áklæði, sem hann selur út um sveitir. Þau áklæði (á söðla?) virðast hafa verið eftirsótt og í talsverðu verði. Hann smíðar hornspæni og selur. Hann smíðar líkkistur í öllum áttum og fær fyrir hverja kistu 6—8 dali, séu þær á annað borð borgaðar. Flest eða öll vor er hann við baðstofubyggingar hér og þar. Hann tekur sundur og gerir við stundaklukkan fyrir helztu menn héraðsins, svo sem sýslumanninn, Sigurjón á Laxamýri og Jón á Gautlöndum. Smærri menn hafa vísast ekki átt klukkur. Eina nóttina um vor vakir hann við að búa til botn í strokk fyrir bróður sinn og fer svo svefnlaus að reisa baðstofu á Ljótstöðum. Á eftir er komið fyrir kornmyllu á Þverá og svo er hreppamót á Helgastöðum daginn eftir. Strax og heim kemur af hreppamótinu, um kvöldið, fer hann með fráfærnalömbin fram í Brenniás og kemur heim

einhverntíma um nóttina. Að morgni næsta dags fer hann svo aftur að Ljótstöðum og heldur áfram með baðstofu- bygginguna. Skömmu síðar sendir hann vinnumann að sækja brennistein austur á heiði (Peistarreyki?). Farið er í skóg dag eftir dag og gert til kola. Bóndi lætur slóðadraga túnið mjög snemma á búskaparárunum. Annars var siðurinn sá víðast hvar að mala áburðinn og ausa honum síðan, ellegar nudda honum niður í þúfurnar með kláru eða jafn- vel áhaldalaust. Plægingamaður kemur í dalinn og fer milli bæja að plægja þýfða jörð, sem búið er að rista ofan af með spaða. Tekið er upp grjót og hlaðnir garðar og veggir, veggir bæjarhúsa, sem enn standa, og vallargarður, sem enn stendur einnig, hlaðinn af mikill list. Engið þarf að hreinsa árlega, því áin ber upp á það aur og grjót, og fara í þessa hreinsun 48 dagsverk eitt vorið. Á þennan hátt líður tím- inn og er hver stund notuð vel og dyggilega af fyrirhyggju, og vandvirknin situr ætíð að völdum.

Veturinn 1856 getur Jón þess að saman hafi komið fá- einir bændur auk hans að tala um að senda menn suður á land að kaupa hunda. Og aftur vikur hann að hundakaup- um 30. apríl: „Fór í Narfastaði að útbýta hundum, varð hver þeirra 4 rd. og 72 sk.“

Sendimenn voru heimkomnir með 24 rakka og nú var annar vandi risinn upp: Hverjir áttu að fá hundana? Hvar var þörfin brýnust? Um það fer Jón engum orðum. En við skulum sjá til viðbótar hvað hann segir 17. júní: „Nóg stríð og mæða (á Pverá) að verja tún og engi vegna hundleysis. Allir mega ganga úr bænum að verja og tekst þó ekki til hálf.“

Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur.

Ég veit ekki hvað ykkur finnst, sem lesið um þetta á prenti. Sjálfsagt þó að verið sé að tala um ofur auvirðilega hluti. En þeim, sem er að rýna í 112 ára gamalt blað með handskrift finnst allt í einu að þau séu horfin þessi 112 ár, sem milli liggja og að hann sé að kafa snjó milli bæja árið

1856. Hundapest hefur geysað og deytt svo að segja hvern fjárhund, þessa dauðtryggu féлага fjárbændanna. Hundurinn var næst þarfasti þjónninn, gekk næst hestinum. Allir horfa fram á ráðaleysi í samanrekstrum og göngum og að verja tún og engi, sem flest eða öll eru ógirt. Þá leita þeir til hreppstjóra síns um að reyna að ráða fram úr þessu vandræði sem öðrum. Niðurstaða fundarhalds verður að senda 3 menn suður á land um hávetur, ekki til fjárkaupa eins og Reynistaðabræður fóru, heldur til hundakaupa. Þetta var ekki neitt smáfyrirtæki, sem menn gera að gamni sínu. Eftir 2 mánuði eru sendimenn heim komnir, sjálfsagt fótgangandi báðar leiðir, og hafa meðferðis 24 rakka. Hvernig komu þeir þeim? Jú. Með einhverju móti hafa þeir látið greyin elta sig alla leið að sunnan.

En nú á hreppstjórinn, sem sjálfur er einn stærsti fjárbóndinn, eftir að „útbýta“.

Alla þá daga, sem hann er að snúast við þetta veturinn og vorið, sem vafalaust hafa verið ófáir, stendur vefstóllinn mannlaus og hefilbekkurinn ónotaður. Það er ekki auðvelt og sjálfsagt enn síður vinsælt að deila 24 milli 70 eða 80. Að sjálfsögðu vill hver bær og bóndi fá sinn hund. En það er ekki meiru að „útbýta“ en þessu. En hvað svo um fjármarga bóndann, sem metur hvar þörfin er mest?

Hann ætlar sjálfum sér engan rakka til „að verja tún og engi“, þveitast um Þverárbrekkur í samrekstrum, Bungu, Bæjarfjall og Þeistarreykjagrundir í næstu göngum. Um þetta segir hann þó ekki orð. En það hefur lagzt á milli línanna.

HREPPSTJÓRINN OG SVEITARSTJÓRNAR-
JASTRIÐ.

Í dagbók Jóns meðan hann er hreppstjóri er oft tekið á þessa leið til orða í sambandi við manntalsþing eða hreppamót: „Nóg um jastur og jag og vandræði.“

Þá var sveitarstjórn hagað og hátað öðruvísi en nú er. Hreppsnefndir voru engar eða hreppsnefndarkosningar, né sýslunefndir, fyrr en þær komu til samkvæmt tilskipun er til framkvæmda kom 1875.

Sýslumenn skipuðu hreppstjóra á manntalsþingi og báru þeir eftir það, unz þeir voru leystir frá starfi, ábyrgð gerða sinna gagnvart honum.

Verkahringur hreppstjóranna var svipaður og oddvita og hreppstjóra er nú samanlagt, og þó öllu stærri. Þeir önnuðust álagningu sveitargjalda og innheimtu. Þeir tóku við þurfalingum, ráðstöfuðu þeim eða studdu eftir föngum til kaupa á brýnustu nauðsynjum og urðu oft að taka slíkt fólk á heimili sín, þegar því voru allar aðrar bjargar bannaðar. Af framfærsluskýldunni flaut, sem var mjög þungt álag á sveitarfélögin, að hreppstjórar urðu sífellt að standa á verði og reyna að afstýra því, með góðum ráðum og stundum illum, að sveitarþyngsli yrðu óbærileg. Þeir urðu að annast um svokallaðan hreppaflutning fólks, er sveitfesti átti annarstaðar, stundum landshorna milli. Og tók þá einn hreppstjóri við af öðrum, er út fyrir landareign hreppsins kom, unz vesalings þurfalingurinn komst á leiðarenda. Þessi starfi og meðferð á ómögum var jafnan illa þokkaður, sem von var, bæði þá og síðar. En þetta var ein af skyldum hreppstjóranna þar til framfærslulögum var breytt löngu síðar.

Hreppstjórar urðu að skrifa upp þrotabú og dánarbú og virða eignir þeirra og selja. Þeir áttu að auglýsa uppboð og bjóða upp og standa að lokum skil á andvirði þess, er þeir

seldu. Þeim bar að taka út jarðir við ábúandaskipti og meta álög ef því var að skipta. Þeim bar að skrá allar gerðir sínar í bækur. Þeir urðu að birta stefnur og sjá um að sátta-nefndir væru til staðar hverju sinni, og sjá um að löglegir stefnuvottar væru í hreppnum. Þeir röðuðu niður göngum og höfðu yfirstjórn fjallskila og í réttum. Þeir urðu að sjá um að leitað væri grenja og menn fengnir til að leggjast á þau. Þeir sáu um að markaskrár væru gerðar. Þeir urðu að koma á manntalsþing hjá sýslumanni, vor hvert, vera hans önnur hönd þar og svara til saka bæði gagnvart honum og hreppsþúum öllum. Þeir urðu að hafa hreppamót haust og vor, taka þar á móti þakklætinu fyrir unnin störf, eða „jastri og jagi“, sem oftast mun hafa verið útlátíð á þeim stöðum í meiri mæli en hitt. Hreppstjórum var ætlað að vera lög-regla sveitarfélagsins og hafa hendur í hári afbrotamanna og koma þeim í hendur sýslumanns. Stundum lét yfirvaldið þá annast yfirheyrslur, þjófaleitir og minniháttar rann-sókn mála. Þeir urðu að fara í áreiðir í landamerkjaprætum. Og stundum var þeim skipað einum og einum að fara í aðra hreppa til einhverra viðvika, ef á þurfti að halda einhverra hluta vegna.

Fyrir utan þetta var iðulega leitað til hreppstjóranna um hin og önnur störf er vandi og ábyrgð fylgdi. T. d. það séra Magnús á Grenjaðarstað Jón á Þverá að fara niður á Sands-reka eitt sumarið og stjórna þar hvalskurði. Þar rak mikinn hval, sem kirkjan átti, eða séra Magnús, staðarhaldarinn. Þar á rekanum stóð Jón í þrjá, fjóra sólarhringa, stjórnaði skurði, útbýtti hvalnum og seldi. En þarna kom fjöldi manns, í vondu veðri þó, eins og jafnan á allar hvalfjörur á öllum öldum. Og til að sýna að það var ekki eitt heldur allt, sem yfirvöldin gátu fundið upp á að fela hreppstjórum sínum, er hér ein grein úr dagbók Jóns 24. júní 1856:

„Hreppamótsdagur, gekk allt friðsamlega. — Leituðum við vitnisburðar hjá mönnum eftir amts- og -sýslumanns-skipun um lækningamáta séra Magnúsar á Grenjaðarstað,

að hverju liði mönnum hann hefði orðið. En allir luku upp einum munni, er reynt höfðu, að vel hefði gefist.“

Á þessu er að sjá, að amtsyfirvöldin hafi litið lækningar séra Magnúsar hornauga og verið að hugsa um að taka eitt-hvað fram fyrir hendur hans, en héraðsbúar snúizt til varna fyrir lækni sinn.

Enn má þess geta að einusinni skipaði sýslumaður Jón í dóm til að úrskurða eignarrétt á hval austur í Þistilfirði (Sævarlandshvalmálið 1870). Hann var ekki að seilast til næstu bæja við Þistilfjörð. Allt þetta sýnir mikið traust bæði af hálfu almennings og yfirvalda.

Til þess að enn ljósara liggi fyrir hversu hreppstjórastarfið var bindandi, eru hér enn smá glefsur úr dagbókinni 1856, 5. apríl og áfram:

„Fór í Tumsu að skrifa upp búið.“ 15. apríl: „Skiptafundur á Litlulaugum.“ 30. s. m.: „Komu þeir sem fóru suður með 24 hunda. Fór í Narfastaði til að útbyta þeim.“ 6. maí: „Fór í Birningsstaði að taka þar út.“ 9. s. m.: „Fór eg ofan að Helgastöðum að vera við útför Kröyers gamla, bar karl til grafar og var gefin $\frac{1}{2}$ spesia fyrir.“ 13. s. m.: „Fór ofan í Brekku að taka út.“ 14. s. m.: „Fór í Halldórsstaði að skrifa upp.“ 16. s. m.: „Hélt uppboð á Hallórsstöðum.“ 17. s. m.: „Fór ofan að Tumsu að halda uppboð.“ 19. s. m.: „Þingdagur, mátti heita friðsamt.“ 25. s. m.: „Fór ofan að Stórulaugum að taka þar út.“ 31. s. m.: „Fór að Helgastöðum að skrifa þar upp eftir Kröyer gamla og fékk 2 rd. fyrir.“ 5. júní: „Fór að Auðnum að skrifa þar upp.“ 6. s. m.: „Fór að Ingjaldsstöðum að taka þar út með Jakobi.“ 31. s. m.: „Fór í Reykjahlíð að vera þar við skipti.“

Svipað þessu gengur allt vorið og önnur vor flest eða öll.

Jón Jóakimsson var skipaður hreppstjóri í júní 1850. Ekki sóttist hann þó eftir þeirri vegtyllu og hefur áreiðanlega vitað við hverju hann tók. Hann færðist undan í fullri alvöru, en sýslumaður sat við sinn keip. Hreppstjóri varð hann að vera hvað sem tautaði. Í dagbók sína skrifar hann

á eftir, að heldur hefði hann viljað fá dóm og sitja í tugthúsi í heilt ár. Og hvað eftir annað gerir hann tilraunir að fá lausn, t. d. skrifar hann 15. júní 1859: „Þingdagur, nóg jastur og jag. Var eg enn neyddur til að vera við hreppstjórn þetta árið.“ Engan þarf að furða þó honum hrjósi hugur við að taka við öllum vandræðunum, sem þá eru að leggjast á sveitarfélagið og hreppstjórana persónulega eftir niðurskurð og felli, sem áður er að vikið hér að framan. Annars þurfti ekki þvílíkt vor til. Fjórum árum áður 1855 skrifar hann 17. marz: „Fór að Bergsstöðum að skoða hjá Jónatan, sem er hreina bjargarlaus fyrir menn og skepnur og er þó búið að taka af honum 4 börn og flestar kindur. Var honum lofað 6 sk.(?) af nautakjöti úr Máskoti, hálf tunnu af korni á Akureyri og 1 hesti af heyi á Mýri.“ Annarstaðar getur hann um að hann hafi orðið að taka á heimilið sjö manna fjölskyldu, sem var bjargarlaus. Svo gott orð virðist fara af Þverárheimilinu að allsleysingjarnir hafi beinlínis sózt eftir að fá að fara þangað. Til dæmis um það er þetta: 1871, 2. ág.: „Kom hér Sigga Þorleifsdóttir með 2 krakka sína, var í 2 nætur. Buðum við Þórarinn henni eins góð boð (og hægt var) en hún vildi engin þýðast nema setjast hér upp með börn sín árlangt. En þegar það var ekki falt flaug hún burt í bræði. (Eg) veit ekki hvort við það flagð verður ráðið.“

Sigga þessi Þorleifs virðist hafa verið góður brautryðjandi í frekjunni og á undan sínum tíma í kröfugerð, rétt eins og hún væri uppi þessa dagana.

Aftur á móti verður bóndanum á Hólmavaði ekki brugðið um það, heldur mætti segja að hans umkomuleysi sé tilfinnanlegt í mesta máta. Tveim vikum áður en hreppstjórnarnir tuskast við óþægu Siggu gerðu þeir sér ferð ofan í Hólmavað 20. júlí 1871: „Fórum við Þórarinn ofan í Hólmavað að reyna að útvega Guðjóni kvenmann, sem er alveg manneskjulaus.“ Og kvenmanninn fékk hann fyrir tilstilli þeirra sveitarhöfðingjanna. En þess er þó því miður

ekki getið hvort Guðjón gamli hafði eiginkonu upp úr krafstri þeirra eða aðeins ráðskonu, líklegt þó að hann hafi ektað hana að lokum, því venjulega höfnuðu ráðskonur bændanna í beddanum hjá þeim á endanum.

Jónas hét maður og var Kortsson. Hann hefur komið inn í dagbók hreppstjórans fyrir dagnað sinn í munnum. 28. maí 1863: „Var pólitíisforlíkan á Grenjaðarstað milli okkar hreppstjóranna og Jónasar Kortssonar, sættumst og lét hann í ríkisdal í allt fyrir slaður sitt og illmælgí.“ Svipaðra atburða er víðar getið.

Jónas var bóndi á Sandi um svipað leyti og gerðist síðar landnemi í Kanada. Hann átti 7 botnóttu hunda, er hann var á Sandi, að sögn Guðrúnar Jónasdóttur á Sílalæk, og hlupu þeir eitt sinn allir í þvögu í hest hennar hjá Litlálæk milli Sands og Sílalækjar, þegar hún, barn að aldri, var á leið milli bæanna, og fældu fyrir henni hestinn svo hún datt af baki. Fleiri sögur hefi ég heyrt af búskap Jónasar áþekkar þessari.

Tilvitnanir skulu nú ekki verða öllu fleiri. Þessar benda máské á hve hreppstjórastarf gat verið erfitt þegar hagar almennings var bágbornastur og jafnvel þó ekki áraði sérlega illa. Með hægð og hyggindum og ósérplægni ráða hreppstjórar þó fram úr furðu mörgu á þolanlegan hátt. Traust lítilmagnans kemur fram á sinn hátt hjá óþægu Siggu og þverúðin hinsvegar hjá þeim, sem láta „baslið smækka sig“ í slaðri Jónasar Kortssonar. En yfirvaldið í Húsavík gefur Jóni á Þverá hvað eftir annað sína einkunn með því að „þína“ hann ár eftir ár í hreppstjórastöðuna.

Enginn gat annast þetta óþakkláta starf nema hann væri vel efnum búinn og ætti sterkt heimili sér að bakhjarli. Efnahagurinn varð að þola að hann væri fjarvistum frá búinu vetur, sumar, vor og haust, flesta daga fyrir minna en ekkert kaup. Það er hrein undantækning, þegar dánarbú Jörgens Kröyers greiðir hreppstjórannum 2 dali fyrir uppskrift. En séra Jörgen var líka efnaður maður. Flestir gátu

ekkert greitt fyrir þesskonar viðvik og önnur greiðsla fyrir hreppstjórastörf var áreiðanlega mjög óveruleg. Heimili hreppstjóranna varð að vera svo sterkt að það gæti tekið „ómaga og veglausar familfur“ um lengri eða skemmri tíma, sem enginn annar vildi hafa eða gat haft. Á þeim hvíldi skyldan að bjarga þessu fólki með einhverju móti.

Að endingu er svo enn ein tilvitnun í handrit Jóns, í þrennu lagi þó: 16. maí 1863: „Er almennur dauði og heyskortur alstaðar að heyra, allur fjöldi manna strálaus fyrir kýr og kindur, enginn getur hjálpað. Eg að kalla strálaus fyrir allar skepnur. Yfir það heila horfir til hinna mestu vandræða, og (verður) fjárfellir ef ekki batnar því fyrr og kemur betri tíð.“ Svo 6. júní rétt á eftir: „Hreppamótsdagur. Var nóg jastur og jag að koma fyrir ómögum og veglausum familfum.“ Og 29. júní segist hann hafa tekið það til bragðs að fara á fund sýslumannsins í Húsavík og taka að láni handa hreppnum 400 dali úr embættiskassanum. Vexti varð hann að greiða 4% og ganga í perónulega ábyrgð fyrir endurgreiðslunni.

Tveir voru hreppstjórar í Helgastaðahreppi. Fyrri hluta hreppstjóratiðar Jóns var Jakob Pétursson á Breiðamýri með honum, en seinna Þórarinn Magnússon á Halldórsstöðum í Laxárdal. Nábyli var því og fremur auðvelt fyrir hreppstjórana að ná saman. En ríki þeirra var víðlent: Aðaldalur norðan frá sjó, Reykjadalur inn fyrir Stafn, Laxárdalur og 3 bæir í Reykjahverfi, Skriðuhverfi og Fljótshéðarbæir norðan Bárðardalsmerkja, sem nú eru komnir í eyði.

Sem fyrr segir fékk Jón skipunarbréf um að vera hreppstjóri í Helgustaðahreppi 30. júní 1850 undirritað af ammanni.

Þann 7. júní 1875 skrifar hann í dagbók sína: „Er nú sveitarnefndin nýja tekin við öllum sveitarstörfum og þykist eg hættur hreppstjórn.“ Er hann þá búinn að annast hana við annan mann í 25 ár. Ný skipan er komin til skjalanna, og búið að kjósa hreppsnefnd samkv. henni. Hrepp-

*Þverárþær.*

stjórarstarf er þó enn við lýði, en miklu minna og hann aðeins einn í hreppnum samkv. hinni nýju skipan.

HANDVERKSMÆÐURINN OG ÞVERÁRBAÐSTOFA.

J. H. segir að hugur Jóns hafi snemma hneigzt til smíða.

Strax og hann kom heim frá smíðanámi í Reykjavík er hann tekinn til við byggingar hér og þar um sveitir. Hann byggir baðstofur. Hann smíðar eitt og annað alla æfi. Til hans er leitað um líkkistusmíði, ekki aðeins í Aðaldal, Reykjadal og Laxárdal heldur og um allar nærliggjandi sveitir meira og minna. Hann smíðar hefilbekki. Hann smíðar hornspæni og selur. Hann gengur milli bæja og sker

úfa úr börnum. Hann smíðar búshöld. Hann sagar niður rekavið og fer fleiri ferðir út á Tjörnestá og norður á Sandsreka eftir viði, stundum með 10–12 hesta. Og hann lemur vefinn jafnan þegar tóm verður til heima og selur vaðmál og áklæði á söðla fyrir talsverðan pening. Og eru þetta aðeins dæmi. Líklegt er að hann hafi hugsað sér, er hann kom að sunnan, útlærður snikkari, að verða atvinnumaður við byggingar og smíðar. Sjö ára tilhugalífstími hans og Sigríðar á Helgastöðum gæti bent í þessa átt, en síður að þar hafi valdið einungis seinnlæti. Það tók handverksmenn lengri tíma þá að finna sér staðfestu, sem þjóðandi var prestsdóttur, en bónda sem alltaf átti völ á jarðnæði með kvígildum.

Varanlegasta bygging Jóns hefur í reynd orðið baðstofa hans á Þverá og raunar þó allur bærinn. Þau hús standa enn furðulega ónöguð af tímans tönn. Árið 1844 voru öll bæjarhús á Þverá í niðurníðslu og jörðin talin fremur kostarýr. Í dagbók er það rakið nákvæmlega hvernig baðstofubyggingunni miðar áfram í áföngum 1848–1850. Á árinu 1849 telur hann upp alla keypta vinnu um vorið við bygginguna 115 dagsverk fyrir utan vinnu 4 heimamanna og trésmíðs. Sjálfur vinnur hann að auki við þetta öllum stundum og stjórnar öllu verki. Sjái hann stein liggja ólögulega í vegg er hann tekinn og lagaður til, eða annar settur í hans stað. Taki húsgrind að hallast, er hún óðara rétt við, hvort sem er á meðan á byggingu stendur eða síðar. Viðhaldsaðgerðir á réttum tíma eru bezta vörnin við hrörnun húsa. Umgengni öll er með ágætum. Og þannig hefur þetta verið á þessum stað í 120 ár.

Gamli Þverárþærinn stendur enn og er minnisvarði þess, sem var. Vel má að honum hlúa og búa svo hann standi lengi enn. Innviðirnir eru traustir og gerðir að mestu úr völdum rekaviði og veggir með handbragði vandvirkinnar og traustleikans.

Nú mun þjóðminjavörður hafa lagt til ráð og eitthvað af

því efni sem mölur og ryð fá þó mäske grandað með tímalengdinni, í von og trú á að þessi gömlu hús fái staðist eyðingaröflin sem allra lengst. Samband íslenzkra samvinnufélaga telur að Þverárbaðstofa sé sitt óskabarn og hefur hennar mál oft verið þar á dagskrá.

Prennt er það sem telja verður sérstaklega merkilegt við baðstofuna:

Í fyrsta lagi traustleiki hennar og útlit, sem þakka má höndum og huga byggingarmannsins og þeirra sem viðhaldið hafa annast á aðra öld.

Í öðru lagi mun það vera í meira lagi óvenjulegt, ef ekki einsdæmi hér á landi, þar sem baðstofuhús hafa venjulega staðið 30–50 ár í mesta lagi, að 4 ættliðir hafi búið í sömu baðstofunni, hver fram af öðrum í 120 ár. En þeir eru: Fyrst Jón Jóakimsson. Næst Jón yngsti sonur hans, þá Snorri hreppstjóri sonur hans. Á eftir honum Jónas Snorrason, einnig hreppstjóri. Og nú síðast eru sum börn Jónasar tekinn þar við búi og búsförðum. En börn hans eru þessi: Aðalbjörg f. 28/9 '28, Hildur f. 5/5 '30, Sigrún f. 8/5 '32, Snorri f. 15/1 '34, Jón f. 29/10 '35, Áskell f. 17/2 '38, Páll f. 17/3 '40. Kona Jónasar er Halla Jónsdóttir frá Auðnum, f. 21/11 '97. En Jónas er f. 24/10 '91.

Fyrir 2 árum flutti Þverárfólk úr bænum í nýtt hús og glæsilegt, sem gert var að öllu leyti af höndum heimamanna sjálfra. Eplín falla því enn nálægt eikinni.

Og svo í þriðja lagi: Í baðstofu þessa bæjar, eða frammi í stofu, eftir því hvernig viðraði, voru fjölda margir fundir haldnir áður en fyrsta kaupfélag, sem myndað hefur verið á Íslandi, Kaupfélag Þingeyinga, sá ljós heimsins 20. febrúar 1882 undir þaki þessa gamla bæjar, í suðurstofu. Erú því viðir Þverárbæjar fast að því heilagir í augum sumra forystumanna samvinnufélaganna og hefur margt húsið orðið merkilegt af minna tilefni.

Um þann atburð farast Jóni orð á þessa leið 20. febrúar: „Gott veður framan af degi. Fundur hér boðaður af Jakobi

á Grímsstöðum um verslunarsamtök til að panta vörur o. fl. Voru um 20 manns — stóð fram á nótt.“ Og 21.: „Þíðviðri, sjö fundarmenn hér í nótt, ofsa veður suðvestan um kvöldið.“

Hér er verið að segja frá fundi, einum af mörgum, sem Jón hefur orð um í bókum sínum og er ekki að sjá að hann telji hann sérlega merkilegan. Hann getur ekki einusinni um félagsstofnunina berum orðum.

Enginn veit að hvaða gagni barnið verður, segir gamalt spakmæli. Það er ekki sjáanlegt að bóndinn á Þverá, faðir Benedikts bókavarðar og náfrændi Jakobs á Grímsstöðum, tengi við atburð dagsins neinar sérstakar vonir.

SÝSLUNEFNDARMAÐURINN OG LAXÁRBRÚIN.

Í dagbókum Jóns er nokkrum sinnum vikið að því að hann hafi farið á sýslufundi, er hann nefnir svo. Fundir þessir voru héraðsmálafundir og voru oftast haldnir á Ljósavatni eða Hálsi. T. d. um þetta 18. jan. 1859: „Fór eg á sýslufund, sem Jón á Gautlöndum boðar á Sigríðarstöðum um kláðamál.“ Næsta dag: „Fundardagur og mættu 25 menn, amtmanni þakkað fyrir forgöngu í því máli (kláðamálinu).“

Sýslunefndir komu ekki til fyrr en með tilskipun 4. maí 1872. Og var fyrsti sýslufundur haldinn hér í sýslu 1875. Á þeim fundi var hreyft því stórmáli að byggja brú yfir Skjálfafljót. Fulltrúi Helgastaðahrepps á þessum fyrsta fundi sýslunefndar var Jón á Þverá. Hann hreyfði einnig því stórmáli varðandi Helgastaðahrepp að byggja brú á Laxá hjá Brúafossum.

Þetta var 9 manna fundur og fulltrúar úr þessum hreppum: Svalbarðsstrandar-, Grýtubakka-, Háls-, Ljósavatns-, Skútustaða-, Helgastaða-, Húsavíkur- og Presthólahreppi,

alls 8 og sýslumaður Benedikt Sveinsson sá 9. Þá voru ekki fleiri hreppar í Suðursýslunni, en hér voru taldir.

Brú var á Laxá af og til a. m. k. öldum saman. Og örnefnið Brúavíkur í Tjarnarlandi bendir til að þar hafi einnig verið brú fyrr á tímum.

Ekki tóku sveitarhöfðingjar á sýslufundi liðlega í að unnt væri að brúa 2 stórar í einu næstu árin í sýslunni. Um Fljótsbrúarmálið hefur Jóhann Skaptason sýslumaður skrifað ýtarlega í Árbók 1961. Málum þessum báðum var sem fyrr segir fyrst hreyft á fyrsta fundi sýslunefndar 1875 og ákvað nefndin að vísa Laxárbrúarmálinu frá. Sr. Benedikt í Múla mun hafa verið einna mestur hvatamaður brúarmálsins í upphafi, sr. Magnús á Grenjaðarstað og Jón á Þverá. Það kom í hans hlut að reifa það á sýslufundi og áreiðanlega á hann mjög mikinn þátt í hve fljótt var hafizt handa um þá miklu samgöngubót og verkinu lokið á furðulega stuttum tíma.

Í dagbók Jóns 1874 stendur skrifað í júlí: „Þjóðhátíð haldin yfir allt Norðurland og austur í minningu 1000 ára byggingar Íslands. Hér var samkoma á Brúum. Var þar fjöldi manns saman kominn. Setti prófastur séra Benedikt (Kristjánsson) fundinn með ræðu. Líka mælti hann fyrir minni Íslands og sagðist vel. Þar var drukkið kaffi o. fl. en fátt þarflegt rætt, einungis var ráðgert að reyna að koma brú á Laxá á Brúum og kosin forstöðunefnd að gangast fyrir þessu fyrst um sinn.“ Eigi hefi ég fundið hverjir hafi valizt í þessa undirbúningsnefnd með Jóni. En strax í apríl '75, eftir að sýslufundurinn hefir vikið Laxárbrúarmálinu frá sér, er hann búinn að panta brúartré. Og 28. október er hann á brúarnefndarfundi á Grenjaðarstað og „var þar afráðið að taka upp grjót í brúarstólpana og búa undir brúarstæðin.“ Aftur minnst hann á upptöku grjóts 3. nóv. Og enn 7. des.: „ . . . Var eg að vita hvað liði brúarmálinu og innköllun á loforðum. En lítið borgað af þeim, en viðurinn allur kominn til brúarinnar og kostar 1000 kr.“ — 12.

des.: „Fór eg yfir að Einarssaðakirkju og heim um kvöldið. Var að áminna menn um að greiða loforð sín til brúarinnar.“

Á sýslufundinum veturinn 1876 kom fram bónarbréf frá 5 mönnum í Helgastaðahreppi um 500 kr. styrk til Laxárbrúar. Veitti þá sýslunefndin af fátækt sinni 250 kr. til þessa „lofsverða og nytsama fyrirtækis“. Nokkru síðar segir í dagbók: „Mars 1876, 2. Var hér sóknarfundur til að koma mönnum á stað að aka grjóti í brúarstólpana á Brúum, sem Laxældir eiga mest að vinna að eins og þeir hafa tekið mikið af því upp í vetur og haust. Fór eg með Júlíusi lækni (Halldórssyni), sem hér var á fundinum, yfir í Reykjadal til að safna saman mönnum til að sækja út í Saltvík brúarviðinn. Náðum í Helgastaði um nóttina. Fórum út dal að Stöðum og eg heim um kvöldið. Tóku flestir vel undir að ná trjánum.“ 5. sama mán.: „Langt komið að aka grjótinu og búið að aka miklu af trjáviðnum.“ „Maí 1876, 3.: Var brúarnefndarfundur á Grenjaðarstað.“ „8. Fór Jónas (grjótgarður) gamli ofan að Grenjaðarstað að taka til við brúarstólpana.“ „22. Var brúarfundur. Ákveðið að færa brúarstæðið á austurkvíslinni, því það ytra álitu menn ótryggt. Er nú búið að hlaða og sementa brúarstólpana að vesturkvíslinni. Vantar nú sement í hina.“ Og enn segir: „Júlí 1876. Jón Rafnsson og Kristján niðri á Brúum við brúarvinnu.“ „27. Fór eg ofan að Grenjaðarstað á brúarfund.“ Og: „30. Var samkoma á Brúum og opnuð brúin. Kom þar margt fólk: Amtmaður Kristján, prófastar 2 og prestar, Einar í Nesi, Jón Gauti og margt fl. Var þar Sveinn veitingamaður með veitingar. Voru minni drukkin og ræður fluttar. Opnaði Júlíus læknir brúna með ræðu. Einar mælti fyrir minni brúarinnar með snjallri ræðu. Prófastur B(enedikt) fyrir minni Júlíusar, sem hefur verið verkstjóri fyrir henni og farist ágætlega.“

Það er auðvitað ólíku saman að jafna, að brúa Skjálfandafljót og Laxá. Samt var sú brú stórvirki á þess tíma mæli-



Þverðarbærinn.

kvarða. Og það vekur hrifningu hversu röggssamlega Aðal-Reykdælir snúast að því að brúa ána á aðeins 2 árum frá því málinu er fyrst hreyft. Og það virðast þeir hafa gert algjörlega á eigin kostnað fyrir utan 250 kr. styrk frá sýslunefndinni. Hins vegar vefst Fljótsbrúin fyrir sýslunefnd og Alþingi í 8 ár, unz hún er fullgerð.

Samskot og framlög til Laxárbrúarinnar hafa þó áreiðanlega ekki komið af sjálfu sér. Miðstöð alls undirbúnings hefir verið að Grenjaðarstað, enda brúin í landi staðarins. En umsvif framkvæmdanna virðast hafa verið mest á Þverá.

Þetta ár 1875 hættir Jón hreppstjórastörfum. Nýkosin hreppsnefnd er tekin við og Þórarinn á Halldórsstöðum oddviti hennar fyrstu árin og hreppstjóri að auki með samskonar verkahring og hreppstjórar hafa síðan haft.

Eftir Þórarinn á Halldórsstöðum tók Benedikt á Auðnum við hreppstjórarstarfi 1878—1903, og Snorri bróðir hans síðan við af honum til 1928.

Ekki veit ég til að fundizt hafi kostnaðarreikningur Lax-árbrúar, né heldur að vitneskja sé um framlög einstakra manna. En þau hafa áreiðanlega sumstaðar verið mjög myndarleg.

Jónas grjótgarður var mikill veggheðslumaður og steinsmiður. Júlíus læknir Halldórsson var tengdasonur séra Magnúsar og var kvensókn hans þangað fræg á sínum tíma.

Vafalaust hefir það flýtt fyrir öllum þessum framkvæmdum að báðir þessir menn komu svo að segja upp í hendur „brúarnefndarinnar“.

Við brúarvígsluna 1876 flutti Sigurbjörn í Fótaskinni líka kvæði, sem „flaug út um sveitirnar á öldum fagnaðarins, sem mannvirkið vakti“, eins og Guðmundur á Sandi hefir orðað það í ritgerð um Sigurbjörn.

DAGBÓK Í 48 ÁR.

Þó hér hafi verið vitnað í dagbókina á dreifingi hér og þar eftir ígrípalestur, fáeinar kvöldstundir, er hún þó enn lítt könnuð. Óbeinlínis lýsir hún höfundu sínum, nákvæmni og reglusemi svo mikilli að aldrei fellur niður að lýsa veðurfari né daglegum viðburðum, þó stundum sé saman dregið í eina frásögn það sem snertir tvo daga eða jafnvel heila viku einstaka sinnum. Og svo eru þessi blöð vel með farin að varla sést á þeim gróm eða hrukka.

Að sjálfsögðu hafði Jón ekki úrkomumæli né vindhraðastiku og sjaldan er getið hitastigs eða kulda. Samt gefa veðurfarslýsingarnar ágæta mynd af veðurfari þessa tímabils, sem talið er að verið hafi mjög strangt. T. d. um það hvers gat verið að vænta jafnvel um hásumarið er þetta skrifað 20. ágúst 1850: „Gekk í stórhrið að heita mátti þegar kom fram um miðjan dag svo varla var ratandi. — 21. og 22. Stórhrið, hýstar ær og staðið hjá á daginn, næstum jarðlaust, stór-

fenni komið, enda niðri í dalnum.“ Og 25.: „Sagður snjólítilill Reykjadalur og Aðaldalur, en úr Bárðardal er sögð versta ófærð, svo ganga þarf á skíðum milli bæja og fé gefið inni.“

Þegar fram í dagbókina sækir er yfirlit um hver áramót um veðurfar og búnaðarafkomu í héraðinu og er vafamál að annarstaðar sé að finna jafngott yfirlit um þau efni á tímabilinu 1844–1892.

Í desember 1892 setur Jón endapunkturinn niður á eftir slíku yfirliti um árið. Er það yfirlit enn hárnákvæmt eins og sjá má af þessum orðum um fénaðarhöldin á Þverá: „Af fénaði mínum misfórust: úr vatnssótt 4, höfuðsótt 2, skitu 2, bráðdautt 11 (þ. e. bráðafári), í hættur 8, í fönn 4 og í heimtur vantar 2 eða 3 lömb.“ Þessi vanhöld eru alveg óvenjuleg á Þverá. Enn eru á heimilinu yfir 300 fjár og er Jón aðaleigandinn. Og heyskapur er þar 408 hestar.

Annarstaðar frá vitum við að heilsa hans er mjög á förum 1892. Með ársbyrjun '93 falla niður öll dagbókarskrif. Það hafði aldrei verið háttur Jóns að byrja á verki og ljúka því ekki. Hann virðist ekki hafa byrjað neitt á bók ársins 1893, enda átti það ekki fyrir honum að liggja að lifa það af.

UM BYGGINGU ÞVERÁRKIRKJU

Október 1876. 22. Kom sóknarnefnd hjer saman, eftir bón minni, til að ræða um kirkjubygginguna hjer. Voru allir á því, að byggja þyrfti hana, en af hverju efni, nefnilega torfi, trje eða steini, voru ekki allir á sama máli. Voru allir á því að byggja hana af grjóti, sandsteini, sem fá má nóg af hjer á móts við í Hólalandi, nema Þórarinn á Halldórsstöðum, sem vildi lítið leggja til þess. Áskildi jeg við sóknarmenn að kosta byggingu kirkjunnar að veggjum, nefnil. alla vinnu á þeim, og var því ekki mótmælt af neinum nema Þór.

Ákveðið að taka upp grjót á morgun. 23.—27. Blíðasta tíð og sunnan átt, stundum hvass. Sóknarmenn að taka upp og kljúfa grjót yfir í klöppum, og við það daglega 7—9 manns. Hættu því í kvöld.

Febrúar 1877. 10. Í 2 daga ekið kirkjugrjóti af sumum sóknarmönnum, hinir ekki getað það, vegna veikinda af hettusótt. 12.—17. Alla þessa viku ekið kirkjugrjóti og lokið við að koma því öllu vestur yfir ána, en lítið komið heim. Mest unnið að því af 3—4 bæjum, hjeðan, Hólum, Ljótstöðum, Birningsstöðum.

Mars 1877. 10. Sóknarmenn í gær og dag að aka heim kirkjugrjótinu. 13. Ekið kirkjugrjóti þessa daga og lokið við það í dag. Var það 326 æki hjer heim.

Júníus 1877. 2. Var hjer haldin hlutavelta (tombóla), sem ungir menn gengust fyrir hjer í sókninni (einkum Jónas á Ljótstöðum) og vera á til styrktar Þverárkirkju. Kom margt fólk, var nr. tala hátt á þriðja hundrað og hátt á annað hundrað 0. Drátturinn kostaði 35 aura og gekk allt út og búið um miðaftan.

September 30. Voru hjer Þór. hrstj., Sigurður í Hólum, Benid., Auðnum að jafna niður vinnu við kirkjubygginguna á sóknarmenn, grjótupptekt og aðflutningi.

Október 6. Sóknarmenn tekið upp grjót í grunninn.

Febrúar 1878. 13. Fór Jónas og Jón litli útí Húsavík með 2 hesta og sleða að sækja kirkjuvið og kalk.

Mars 1878. 23. Sóknarmenn ekið kirkju (grunn) grjóti 2—3 daga, besta færi.

Apríl 10. Sigurður á Birningsstöðum hjer að höggva kirkjugrjót til þess 13., 4 daga alls.

Mai 1878. 17. Jakob steinhöggvari kom hingað í fyrirkvöld, en af því tíðin var svo ill og hann gat ekkert gjört, fór hann í dag fram í Bárðardal að skoða þar grjót, eftir bón Jóns á Stóruvöllum. Ætla þeir það í Lundarbrekkukirkju, er brann í vetur, og nú á aftur að byggjast af steini.

20. Jakob var fyrst dálítið við verk að höggva. Lokið við að grafa fyrir grunni kirkjunnar. 23. Byrjað að hlaða grunninn og verið við það 24. og 25. af 6—8 dagl. Jakob við það líka. Er nú nálægt hálfnað. 27 og 28. Verið við grunnhleðslu af 5, fullgjörður á 2 vegu og lokið við grjótið. Vantar töluvert af grjóti. 29. voru menn 4 að taka upp grjótið, Jakob að höggva.

Júní 1878. 6. Er nú loks fullgerður kirkjuginn, þurfti að flytja yfir 300 hesta af

grjóti í hann og nokkuð af möl. 8. Þessa daga lagður fóturinn undir kirkju og klárað í kvöld að kalka hann og gengu til þess nær 1½ tunna kalks, voru við það 3—4 menn með Jakobi. 15. Gunnlaugur Oddsson verið hjer að smíða hurð og karma til kirkjunnar. Kristján í Hólum verið hjer 4 daga með Jakobi. Komið lag á ytri brún á hliðarveggi og vesturstafn. Þurft mest að höggva það. 22. Enginn verið hjer við kirkjubyggingu aðkomandi nema Jakob og Kristján í Hólum. Komið 1 lag á hliðarveggi, 2 á stafna, Jónas oftast verið við að höggva, Jón að slá kalk stundum. 29. 3—4 verið við kirkjubygginguna, búin 3 lög í kring.

Júlí 1878. 5. Sömu menn verið við kirkjubygginguna sem næstu viku. 8. Kom Baldvin Sigurðsson að vera hjer við grjóthögg og kirkjubyggingu, sendur af Bárðdælum að læra það, eftir því sem kostur er á. 14. Kom Snorri að utan og



Kórinn í Þverárkirkju.

Stebbi í Skrufstykki með honum, verður hjer að slá kalk. 20. Kirkjuveggirnir búnir undir boga og grjótið að kalla búið.

Júlí 1878. 21. Sóknarmenn á fundi hjer að ræða um grjót-leysið og ræða um flutning á því. Afráðið að gjöra það næstu 3 daga. 24. Tekið upp grjót og flutt (153) hestar) þessa 3 daga. 31. Búið að hlaða gluggaboga og jafnt við þá norður hliðvegg. Jakob, Baldv. og Stebbi við það einlægt.

Ágúst 1878. 10. Byrjuðu í dag að smíða kirkjugrindina. Búnir kirkjuveggirnir undir ris, vestur stafn 3 lögum lægri. Þeir sömu 3 verið við það. 17. Kirkjugrindin reist í kvöld. Voru þessa viku við hana: Þorgrímur gamli að austan, Benedikt á Auðnum 5 daga og Gunnlögur á Langavatni í 3 daga. Vantar binding í turninn og fleira. Hjelt jeg dálitla minningu og var rallað fram til klukkan 2 um nóttina. Fór Gunnlögur heim. 24. Lokið við að leggja þak og papp á kirkjuna, nema turninn, sem er enn óklæddur, nema hatturinn, sem Þorgr. hefir verið við alla þessa viku og komst upp í dag. Við þakið hafa verið í 5 daga: Jón Pálsson og Baldvin. 25. Var jeg við Húsavíkurkirkju. Tók út trjávið til kirkjunnar. 31. Lokið nú við kirkjuturninn að pappþekja hann. Baldv. og Þorgr. verið við það. Vantar hlera og glugga. Jakob ekkert hlaðið fyrri en í dag undir þaksk.

September 1878. 1. Fluttu sóknarmenn flestir 1—2 og 3 ferðir af grjóti til kirkjunnar (33 hesta). 7. Jakob og Baldvin búnir hlaða undir þakskegg og byrjaðir á stafni. Þorgr. hjer enn, smíðað hlera og glugga og stöng á turninn. 10. Lauk Þorgr. við það, sem hann gat smíðað, síðast kross á kirkjuna. 12. Fór Þorgrímur alfarinn hjeðan upp að Vatni. 14. Nú eru kirkjustafnarnir búnir, nema 2 lög vantar á austurstafn. 18. Jakob að káka við hleðslu. 29. Í gærkvöldi lauk Jakob alveg við að hlaða undir þekju kirkjunnar að innan, á því heita að alveg sje búið að hlaða veggi að henni, en öll óspekkuð innan, sem nú verður ekki gjört fyrir ótið

og frostum, og verður því biðað til vors. 30. Bikaði Baldvin turninn og lítið eitt af kirkjunni.

Október 1878. 4. Fór Baldvin alfarinn burt. 5. Fór Jakob steinsmiður alfarinn burt, hefur ekkert vik gjört þessa viku. 19. fór jeg og fl. yfir um á að útvega hellu fyrir kirkjudyr.

Janúar 1879. 14. Komu piltar mínir utan frá Húsavík, fluttu korn og kirkjuborð o. fl.

Mai 1879. 2. Kom Þorgrímur gamli Austm. að vera hjer við innansmíði á kirkjunni. 5. Tók Þorgrímur til verka. 6. Byrjaði Jonni að hefla kirkjuborð. 7. Kom Sigurbjörn í Hólum, verður hjer að hefla borð og f. Kom um kvöldið Páll á Þverá, verður hjer við kirkjusmíði. 21. Gólfið komið í kirkjuna. Þorgrímur einlægt að búa undir hvelvinguna, búinn með spjöldin. Sigurbjörn hjer, hefla og plægja. 31. lokið við hvelvinguna, loftið og turnloftið. Þorgrímur verið við hvelvinguna í 22 daga, P. 3 d. Jonni 6 daga. 6. Lauk Þorgrímur við hvelvinguna.

Júní 1879. 28. Benedikt á Auðnum málað hvelvinguna í kirkjunni þessa viku 3ar sinnum.

Júlí 1879. 12. Árni, nú í Rauðuskriðu, var hjá mjer 2 daga að smíða járn í kirkjuklukku (festa hana á ás). 13. Komu þeir Snorri og Jón að utan með sement á 2 hestum, borð á 1, blautfisk á 1 hesti. 16. Lauk Jakob við að hvitta innan kirkjuna. 19. Jakob nú 3 daga verið að sementa norður hlið kirkjunnar. Lauk Þorgrímur við predikunarstól og altarið.

Júlí 1879. 26. Kom Jón Eyjólfsson, verður um tíma að smíða kirkjuna, með Þorgrími og Jóni. 28. Jón minn einlægt við smíði í kirkjunni, er nú flest búíð, nema sætin, sem farið er að efna í og hefla. Þorgrímur verið við grátuhringinn og er nú næstum búinn með hann.

Ágúst 1879. 1. Þeir sömu við kirkjusmíðið, búíð að setja saman 3 sæti og búa hin flest undir. 12. Byrjað að mála. Þorgrímur að smíða lausa bekki. 16. Þorgrímur loks búinn klára kirkjusmíðið, að því hægt er, hefir unnið að því 84

daga. Hallgrímur að mála. 23. Hallgrímur að mála kirkjuna og er langt kominn. 31. Í gær sementaði Jakob suðurhlið kirkjunnar, sem eftir var að mestu leyti, því sement vantaði, fjekk jeg 1 skeffu af því hjá Pjetri í Reykjahlíð, var þó slæmt. Fór Jakob í dag hjeðan alfarinn og kona hans og barn, sem hjer voru þessa viku í gustukaskyni. Þau eiga nú heimili í Fagranesi, en ekkert til að lifa af.

September 1879. 3. Verið ýmislegt að gera við kirkjuna, fernisera sæti, mála lúkur og margt fleira. 7. Gott og bjart veður, en frost í nótt. Var messað hjer og *vígð kirkjan*. Var hjer mesti fjöldi af fólki, úr öllum áttum, mun hafa verið frá 220—250 alls, komst flest inn. Sagðist presti ágætlega. Töfðu hjer nokkrir fram á kvöld, nefnil. prófastur, Guðjónsen í Húsavík og þjónar hans og þáðu góðgerðir, mat og vín. Öðru fólki gefið kaffi og brauð, það sem hægt var yfir að komast, þó margir yrðu eftir.

BYGGINGARREIKNINGUR KIRKJUNNAR

Tegund.		Kr.	Kr.
	103 málsborð 102 12 f. á 1.50, 6 nfeta á 1.38	161.28	
	9 tylftir þakborð, tylft 12.00, 4 plankar 5.50	130.00	
Viðir.	36 prestaborð á 2.33, 30 fl. borð á 3.00 . . .	173.88	
	46 trje, 2 10 al. á 5.00, 5 9 al. á 3.75, 7 8 al. á 3.16, 4 7 al. á 2.75, 22 6 al. á 2.30, 6 4 al. 1.50	121.47	
	2 stigatrje á 3.30, 7 valborð á 21.00	24.30	
		-----	610.93
	47% naglar, 1 5"/2.00, 2 4"/1.00, 41 3" /0.50, 3 2"/0.45	26.26	
Saumur og	2000 stiftir 1 1"/2.00, 1 1/2"/1.60, kassi und- ir saum 0.33	3.93	
skrúfur.	5 þakkar stiftir, 1 3"/1.75, 1 2"/1.80, 1 1" /1.20, 1 1/2"/1.00, 1 á 0.75	6.50	
	4% naglar, svenskir, 3 3"/0.55, 1 4"/0.80 . .	2.45	
	4 dús. 3/4" skrúfur 0.24, járnskrúfur 0.48 . .	0.72	
		-----	39.86

	3 lamir 1/0.66, 2/0.37, 2 skáphengsli 0.60,	
	2 lásar 1/0.45, 1/0.35	2.80
Ýmislegt.	34 pd. járn, 1 1/8 á 0.29, 33 5/8 á 0.25, 41½ pd.	
	plötuþjárn 0.45	10.45
	Fyrir skrár, lamir og lokur	9.10
	2 t. kol, 12.00, 1 kútur hrátjara 3.33, 6 pt.	
	lýsi 2.70, 2 tjörukústar 3.00	21.03
	-----	43.38
	17 rúllur þakpapp 127.50, 236 pd. þakkítti	
	28.32, 10 þús. þaksaumur 12.50	168.32
	4 járnpluggar st. 150.00, 1 gl. hálhrings 18.00, 2	
	kringl. 34.00	202.00
	1 t. sement 13.50 plus dto fyrir 2.00	15.50
	24 t. kalk 144.00, 24 flát 36.00	180.00
	Flutn. á skip 7.20, af skipi 7.00, flutningsgjald 39.60	53.80
	9 plötur gler 9.00, 38 rúður 5.39, 65 rúður 9/0.29,	
	56/0.33	35.48
	Litunarefni fyrir samtals	86.97

	Yfir um. Handan að	1436.24
No 2.	Daglaun smiða og verkamanna:	
	a. Baldvins Sigurðssonar	172.50
	b. Kristjáns Sigurðssonar	63.00
	c. Sigurðar Guðmundssonar	28.00
	d. Jakobs Brynjólfssonar múrara	377.00
	e. Benjamíns Jónssonar	14.00
	f. Stefáns J. Sigurðssonar	52.50
	-----	707.00
	g. Þorgríms Jónssonar snikkara	277.50
	h. Jóns Eyjólfssonar	27.50
	i. Jóns Pálssonar	17.00
	j. Gunnlögs Oddssonar	15.00
	k. Páls Jónassonar	16.50
	l. Sigurbjarnar Sigurðssonar	10.00
	m. Magnúsar Davíðssonar	7.75
	n. Hallgríms Kristjánssonar	42.50
	-----	413.75
3.	Fyrir vinnu heimamanna, 131 dagur á 1.35	176.85
4.	Fyrir fæði smiða og verkamanna í 714 daga, með	
	helgid. á l.	714.00
5.	Kostnaður að sækja málara til Akureyrar og flytja	
	aftur	28.00

6.	Fyrir járn og stál í fleiga og grjótaxir og smíði á þeim	20.00
7.	Ýmislegt smávegis	25.00
8.	Stjörnur 240	25.00
9.	Bikun á þaki og turn þrisvar	25.00
		<hr/>
		3570.84

Hjer frá dregst:

1.	Laun verkstj. við grunnhleðslu, borg. af sóknarm.	45.00
2.	Selt spýtnarusl úr gömlu kirkjunni	20.55
3.	Afgangur af kalki 5 tn. heim fluttar á 12.00	60.00
4.	1 strangi af þakpappa seldur á	8.00
5.	Tunnulaupar undan kalki seldir fyrir ..	15.00
		<hr/>
		148.55

Öll upphæðin /3422.29

(Endurrit úr kirkjustól.)

LÝSING ÞVERÁRKIRKJU Í LAXÁRDAL

3/1 1880

Kirkja þessi er byggð af höggnu móbergi og límd með kalki. Hún er að innanmáli $12\frac{1}{3}$ al. á lengd og $8\frac{1}{4}$ al. á breidd. Þykkt veggjanna er 18 þumlungar, og hæð þeirra frá gólfi upp að hvelfingu $4\frac{3}{4}$ al., en að utan frá fæti og upp undir þakbrún $4\frac{1}{2}$ al. Undir öllum veggjunum er grunnmúr $3\frac{1}{2}$ al. á hæð og nál. $2\frac{1}{2}$ al. á þykkt og er hann jafn við jörð, en þar á er múraður $\frac{3}{4}$ al. hár fótur undir veggina, sem er nálægt 6 þuml. þykkri en veggirnir. Veggirnir eru kalkaðir hvítir að innanverðu, en að utanverðu er dregið á þá sement. Á kirkjunni eru 7 gluggar af jární steypfir, þar af eru 2 á hvorri hlið, einn á austurstafni og 2 á vesturstafni. Hliðargluggarnir eru 2 ál. 14 þuml. á hæð

og $1\frac{1}{2}$ al. á breidd, bogamyndaðir að ofan, og 26 rúður í hverjum. Glugginn á austurstafninum, sem settur er í múrinn uppi undir hvelvingunni, er hringmyndaður, og andspænis honum á vestur stafni er annar gluggi eins og jafn hátt, hver þeirra er 1 al. í þvermál og með 17 rúðum. Hinn 7. glugginn er yfir dyrum, bogamyndaður með 10 rúðum. Á hverjum hliðarglugga eru 2 rúður, sem opna má, og hinir hringmynduðu stafngluggar eru á hjörum. Þak kirkjunnar er af timbri og klætt utan með pappi. Austur stafn kirkjunnar er sneiddur lítið eitt að ofanverðu og hvítur kross af timbri settur þar sem mætist sneiðingin og mænirinn. Á vesturstafni kirkjunnar er turn af timbri og klæddur utan með pappi. Hann er að innanmáli $2\frac{3}{4}$ al. á hvern veg, $3\frac{3}{4}$ al. á hæð af turnlofti, sem er 2 al. 22 þuml. fyrir ofan aðalloftið. Framan á turninum er ferhyrndur gluggi, með 12 tígulmynduðum rúðum, en að norðan og sunnan eru hlerar á hjörum, sem opna má. Upp úr toppi turnsins, sem er jafnt aðdreginn á fjóra vegu, er stöng með þrem húnunum og veðurvita. Í turninum er og búið um 2 klukkur á rambhöldum. Í kirkjunni er blálituð hvelving (af 240 spjöldum) og nær hún fram að lofti, sem er $2\frac{1}{2}$ al. af lengd kirkjunnar. Neðan undir hvelvingunni er gullitaður listi, strykaður. Hæðin af gólfi upp í miðja hvelvingu er $6\frac{1}{2}$ ál., en af gólfi upp undir loftið $4\frac{1}{2}$ al. Í norðvestur horni kirkjunnar er stigi til loftsins, það er undinn stigi, eikarlitaður, með mahognylituðu handriði, er hvílir á gullituðum rendum þilum. Umhverfis uppgönguna á loftinu er og samskonar rið, og sömuleiðis á loftsbrúninni, er inn í kirkjuna veit. Í kirkjunni eru 13 fastir þverbekkir, að norðan 7, en að sunnan 6, og þess utan umhverfis í kórnum, þar eru og 2 lausir setubekkir og 1 á loftinu. Bekkir allir eru með bakslám og festir við langslár meðfram múrnum. Þeir eru hnetutrjeslitaðir og dregin á gljákvöða. Altari og predikunarstóll er hvorttveggja nýtt og vandað. Altarið er ferhyrndt, en predikunarstóllinn sexstrendur, með hurð fyrir á hjörum. Hvorttveggja er að sumu

leyti marmaralitað, en að nokkru leyti með stældum viðarlitum og bronselituðum og svörtum þverböndum (listum). Predikunarstóllinn er þar sem mætist kór og framkirkja að sunnan verðu, og hvílir hann á sexstrendum fæti. Upp í hann eru 3 tröppur, marmaralitaðar, með þrem gulum pilum á bakvið. Gráðurnar eru hringmyndaðar, með 24 gullituðum rendum pilum, slá að ofan er mahognýlituð, pallurinn marmaralitaður og knjeskörin grænlituð með gulri brún. Fyrir kirkjunni er vængjahurð, eikarmáluð að innan, hvít að utan. Upp með dyrunum utanverðum eru súlur, er standa undir úthleypum steinboga yfir dyrunum. Til eru smíðaðar 240 fimmhyrndar stjörnur úr trje, sem eiga að litast gulleitar og setjast á hvelfinguna. Altaristafla ný er pöntuð, en aðeins ókomin.

Allur frágangur á kirkjunni, bæði hvað múrsmíði og timbursmíði snertir, er hinn vandaðasti og verkið prýðilega af hendi leyst.

(Endurrit úr kirkjustól Þverárkirkju í Laxárdal.)

Sveinsbréf Jóns Jóakimssonar, sem um getur á bls. 88, var gefið út af Þorsteini Daníelssyni á Skipalóni.